

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði

Pólítískt réttlæti og andóf

Réttarhöldin vegna óeirðanna á Austurvelli 30. mars 1949

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Þorbjörg Ásgeirsdóttir

Kt.: 221190-2899

Leiðbeinandi: Valur Ingimundarson

Janúar 2017

Ágrip

Í ritgerðinni er fjallað um réttarhöldin og refsisdóma yfir þeim sem ákærðir voru fyrir aðild að óeirðunum á Austurvelli 30. mars 1949, þegar Alþingi samþykkti aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Sjónum verður beint að samspili laga og stjórn mála með því að greina tildrög, framkvæmd og niðurstöður dómsmálanna. Efnið verður sett í kenningarlegt samhengi með tilvísun í hugmyndir Otto Kirchheimer um sakadóma og pólitísk réttarhöld. Sýnt er hvernig pólitískir hagsmunir höfðu áhrif á lagaferlið allt frá upphafi þess, 30. mars 1949, þangað til því lauk formlega árið 1957. Í því sambandi verður m.a. vísað til rannsóknargagna sem stuðst var við í dómum aukaréttar árið 1950 og Hæstaréttar árið 1952, en þau hafa að geyma rannsóknarskýrslur lögregluþyrvalda, yfirheyrslur, vitnaleiðslur, myndir frá vettvangi, málsvörn sakborninga og önnur skjöl sem komu til álita fyrir rétti. Einnig verður fjallað um hvernig dómsmálið varð að pólitísku bitbeini, einkum milli sósíalista annars vegar og sjálfstæðismanna hins vegar. Lagt verður mat á laga- og stjórn málarök þeirra sem stóðu að réttarhöldunum, dómara, lögreglumanna og stjórn málamanna sem og málsvörn sakborninga sem litu svo á að hér væri um að ræða „stéttadóma“ og „pólitísk réttarhöld“. Þá verður sérstaklega fjallað um eftirfarandi þætti: undirskriftasöfnun sem hleypt var af stökkunum árið 1952, þar sem skorað var á stjórnvöld að náða þá sem dæmdir voru, takmarkaða sakaruppgjöf þeirra í „tilefni fimmtíu ára afmælis heimastjórnar á Íslandi“ árið 1954 og framkvæmd fullrar sakaruppgjafar árið 1957. Loks verður fjallað um eftirmál dómsmálanna og áhrif þeirra á líf og störf hinna dæmdu manna.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Inngangur.....	3
I. Viðbrögð stjórnvalda við óeirðunum og upphaf réttarrannsóknarinnar.....	7
–Umræður á Alþingi 31. mars 1949 og þingsályktunartillaga Áka Jakobssonar um rannsóknarnefnd.....	7
–Upphaf réttarrannsókna.....	12
–Sakborningar og ákærupættir.....	15
–Áhersluatriði og sönnunarfærslur.....	18
II. Dómar aukaréttar Reykjavíkur og Hæstaréttar Íslands.....	24
–Sakfelling hinna ákærðu.....	24
–Sakarefni og lögfræðileg álitamál.....	26
–Réttarfarsleg áhrif dómanna.....	29
III. Viðbrögð við sakfellingu hinna ákærðu.....	31
–Umfjöllun dagblaðanna um dóma aukaréttar Reykjavíkur og Hæstaréttar.....	31
–Gagnrýni sósíalista á réttarkefið.....	35
–„Lýðræðissinnar gegn byltingarmönnum” – viðhorf sjálfstæðismanna.....	40
IV. Málalok: Aðdragandi og framkvæmd almennrar uppgjafar saka eftir dóm Hæstaréttar.....	45
–Undirskriftasöfnun til stuðnings þeirra dæmdu – aðdragandi og orðræða.....	45
–Tildrög og framkvæmd sakaruppgjafarinnar árið 1957.....	50
–Eftirmáli – áhrif dómanna og náðunar á sakborninga.....	57
Niðurstöður.....	61
Heimildaskrá.....	64

Formáli

Ritgerðaskrif eru svo sannarlega ekki eins manns verk og það eru margir aðilar sem komu að skrifum þessarar ritgerðar sem verðskulda mínar innilegustu þakkir. Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Val Ingimundarsyni, fyrir ómetanlega aðstoð við skrif ritgerðarinnar. Ég vil fá að þakka starfsmönnum Þjóðskjalasafns Íslands, þá sérstaklega þeim Unnari Ingvarssyni og Benedikt Eyþórssyni. Þá vil ég þakka Elvari Ástráðssyni hjá skjalasafni Samtaka hernaðarandstæðinga fyrir að taka einstaklega vel á móti mér. Kærar þakkir fá Sigurður Flosason, bifreiðarstjóri; Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri *Þjóðviljans*; Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri *Morgunblaðsins* og Árni Páll Árnason, fyrrum Alþingismaður og ráðherra, fyrir að vera svo viljugir að ræða við mig og veita mikilvægar upplýsingar sem reyndust afar dýrmætar við úrvinnslu verkefnisins. Sérstakar þakkir fá Pétur Már Ólafsson, útgefandi, Ásgeir Valur Snorrason, svæfingahjúkrunarfræðingur og Dagný Ásgeirsdóttir fyrir yfirlestur prófarkar og hjálplegar athugasemdir.

Loks vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir endalausa þolinmæði og stuðning við skrif ritgerðarinnar. Systur mínar Dagný og Anna Lilja og foreldrar mínir Hildur Gunnarsdóttir og Ásgeir Valur Snorrason fá mínar hjartans þakkir.

Inngangur

Hinn 30. mars 1999 var haldinn baráttufundur í Tjarnarbíói á vegum Samtaka herstöðvaandstæðinga í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá því að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. Fundurinn var haldinn til heiðurs þeim sem veittu mótspyrnu gegn ákvörðun Alþingis um að samþykkja NATO-aðildina 30. mars 1949.¹ Þau mótmæli voru þau fjölmennustu sem haldin höfðu verið á Íslandi og ýttu undir þann klofning sem varð í íslenskum stjórnámálum eftir að kalda stríðið hófst á árunum 1946–1947.² Þegar mótmælin breyttust í óeirðir með grjót- og aurkasti á Alþingishúsið reyndi á allt tiltækt lögreglulið Reykjavíkur auk sérstaks hóps varaliðsmanna, svonefndra „hvítliða“, sem stóðu vörð um Alþingishúsið, vopnaðir hjálmum og kylfum. Átökin náðu hámarki þegar lögreglan kastaði tárágassprengjum á mannfjöldann.³

Eftir óeirðirnar hófst réttarrannsókn sem leiddi til þess að 24 menn voru ákærðir fyrir þátttöku í upphlaupinu á Austurvelli. Í mars 1950 féll dómur aukaréttar Reykjavíkur í málinu. Af þeim 24 mönnum sem voru ákærðir hlutu 20 misþunga dóma fyrir brot gegn XI., XII., og XIII. kafla almennra hegningarlaga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þau lög varða innra öryggi ríkisins, einkum brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Fjórir voru sýknaðir. Niðurstöðunni var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti dóm aukaréttar Reykjavíkur í maí 1952.⁴ Þau pólitísku öfl, einkum úr röðum Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, sem studdu aðgerðir lögreglunnar töldu að réttlætinu hefði verið fullnægt, enda hefði verið gerð alvarleg atлага að þingræðinu. Sakfellingin var hins vegar harðlega gagnrýnd af sósíalístum og talsmönnum verkalýðsfélaga. Margir töldu að hér væri um að ræða pólitísk réttarhöld og stéttardóma, þar sem dómstóllinn væri ekki óháður og hlutlaus.⁵

Í þessari ritgerð verður sjónum beint að lagaferli í máli 24-menninganna og það sett í pólitískt samhengi. Markmiðið er að sýna fram á hvernig pólitískir hagsmunir höfðu áhrif á gang málsins allt frá upphafi, 30. mars 1949, til loka þess

¹ *Dagfari* mars 1999.

² Sjá t.d. Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 66.

³ Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*, bls. 137–138.

⁴ Sjá Hrd. 1952, bls. 190.

árið 1957 þegar handhafar forsetavalds samþykktu tillögu dómsmálaráðherra um fulla sakaruppgjöf. Því til stuðnings verður vísað til þeirra rannsóknargagna sem stuðst var við í dómum aukaréttar og Hæstaréttar. Þau skjöl hafa að geyma rannsóknarskýrslur frá lögregluyfirvöldum, yfirheyrslur, vitnaleiðslur, myndir frá vettvangi, málsvörn sakborninga og önnur gögn sem komu til álita fyrir rétti.⁶ Þá verður stuðst við lögskýringargögn, þingræður og lagabækur.⁷ Með dómanna að leiðarljósi verður leitast við að útskýra áhrif stjórnámamanna á upphaf, framvindu og lok málsins. Í því sambandi verður einnig fjallað um hvernig málið varð að pólitísku bitbeini, einkum milli sósíalista annars vegar og sjálfstæðismanna hins vegar. Enn fremur verður fjallað um áhrif dómanna á sakborninga og ásakanir um stéttadóma og pólitísk réttarhöld. Lagt verður mat á laga- og stjórnámarök þeirra sem stóðu að réttarhöldunum, dómara, lögreglumanna og stjórnámamanna. Þá verður sérstaklega vikið að undirskriftarsöfnun árið 1952, þar sem skorað var á stjórnvöld að náða hina dæmdu sem og tildrögum og framkvæmd sakaruppgjafar árið 1957.⁸

Af skrifum um óeirðirnar á Austurvelli 30. mars 1949 og þær pólitísku aðstæður sem tengdust þeim ber þá helst að nefna bókina *30. marz 1949* eftir Baldur Guðlaugsson og Pál Heiðar Jónsson. Þótt hér sé ekki um að ræða fræðilega umfjöllun, þá er farið ofan í saumana á mótmælunum, viðbrögðum varaliðsins, ákvörðunum lögregluyfirvalda um að beita táragasi gegn borgurum og þætti sósíalista og verkalýðshreyfingarinnar í skipulagningu andófsaðgerða. Einnig hafa fræðimennirnir Valur Ingimundarson, Þór Whitehead, Guðni Th. Jóhannesson og Helgi Skúli Kjartansson vísað til atburðanna í fræðibókum sínum. Frásagnir þeirra af óeirðunum þjóna þó fyrst og fremst þeim tilgangi að setja þær í samhengi við stefnu Íslands í utanríkis- og varnarmálum, NATO-aðildina og aðra atburði í stjórnámasögu 20. aldar.⁹ Loks hafa nokkrir þeirra sem upplifðu óeirðirnar 30. mars, þar á meðal

⁶ Sjá *ÞÍ*. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950.

⁷ Sjá *Alþingistíðindi*, *Stjórnartíðindi*, *Lagasafn Íslands* og *Lögfræðiorðabók með útskýringum*.

⁸ Sjá *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002-25- askja A/14. Bréfadagbók 1956–1957 og Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2002 C/126 C-Bréfabækur 1957. Stjórnarráð Íslands; sjá einnig grein Ólafs W. Stefánssonar, „Um forsetavald”, *Morgunblaðið* 24. apríl 2004.

⁹ Sjá Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*; Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*; Þór Whitehead, *Sovét- Ísland*; Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*.

sakborningar, varaliðsmenn, lögreglumenn og stjórnámálmenn greint frá viðhorfum sínum í bókum, tímaritsgreinum og dagblöðum.¹⁰

Óeirðirnar eru eitt umdeildasta mál lýðveldissögunnar, enda hefur engin sátt náðst um atburðarásina 30. mars 1949 og ábyrgð mótmælenda og yfirvalda. Því hefur jafnvel verið haldið fram að fátt sé enn ósagt um óeirðirnar vegna þess hve mikið hefur verið fjallað um þær.¹¹ En þrátt fyrir viðamikla umfjöllun um þær pólitísku spurningar sem mótmælin vöktu hefur nær ekkert verið fjallað um réttarhöldin sjálf og dóma aukaréttar Reykjavíkur og Hæstaréttar Íslands. Engin tilraun hefur heldur verið gerð til að greina þau lögfræðilegu álitamál sem tengdust réttarhöldunum. Þá hafa fræðimenn ekki beint sjónum að því hvernig málinu lauk og veitingu sakaruppgjafar.¹²

Hér verður megináherslan lögð á að greina eftirmál óeirðanna á Austurvelli með því að beina sjónum að togstreitunni milli stjórn mála og laga. Færð verða rök fyrir því að pólitískar áherslur ákærvaldsins í málinu og stjórn málaaðstæður í lok fimmta áratugarins og á þeim sjötta hafi haft veruleg áhrif á meðferð dómsmálsins. Í þeim dómsmálum sem varða pólitíska hagsmuni getur reynt á það hvort stjórnvöld beiti „pólitísku réttlæti“ [e. *political justice*]. Samkvæmt þýska lögspekingnum Otto Kirchheimer er hægt að skipta pólitískum réttarhöldum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er átt við dóma þar sem dæmt er fyrir almennan glæp sem framinn er í pólitískum tilgangi. Málið fær réttláta málsmeðferð, en tengist pólitískum álitamálum. Í öðru lagi á hugtakið við þegar ákært og dæmt er opinberlega fyrir aðgerðir einstaklinga og samtaka sem eru í andstöðu við ríkjandi stjórnarfyrikomulag. Í þriðja lagi má nefna réttarhöld sem haldin eru í þeim tilgangi að lítillækka og refsa pólitískum andstæðingum í því skyni að draga úr pólitískum áhrifum þeirra.¹³ Vissulega eru pólitísk réttarhöld margbreytilegri en þessi flokkun bendir til. Hún er þó engu að síður nytsamleg við greiningu á lagaferlinu eftir óeirðirnar 30. mars 1949, ekki síst með

¹⁰ Sjá Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar*; Einar Olgeirsson, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar*; Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi: Stéttartal og saga*.

¹¹ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 66.

¹² Meistararitgerð Trausta Ágústar Hermannssonar, „Ákvörðun refsingar fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga“, í lagadeild Háskóla Íslands. Þar var vísað til dóms Hæstaréttar en ekki fjallað um söguleg eða pólitísk álitamál sem viðkoma dómunum.

¹³ Kirchheimer, *Political Justice*, bls. 46.

hliðsjón af þeirri spurningu hvort hér hafi verið um að ræða pólitísk réttarhöld í fræðilegum skilningi.

Kirchheimer fjallar sérstaklega um muninn á sakadómum og pólitískum réttarhöldum. Hann heldur því fram að pólitísk réttarhöld séu í raun óhjákvæmileg, þótt aðilar innan dómskerfisins neiti því á þeirri forsendu að dómara eigi að dæma eftir laganna bókstaf. Í venjulegum dómsmálum er ekki gerður greinarmunur á því hvort einstaklingur hefur brotið gegn almennum borgara eða opinberum starfsmanni í valdstöðu. Því telur Kirchheimer óvíst að dómsmál í kjölfar brots sem framið er í kjölfar óeirða eða annarra opinberra fjöldaaðgerða eins og mótmæla, teljist til pólitískra réttarhalda ef farið er eftir lögum. Í því samhengi skiptir litlu máli þótt dómsmál veki athygli fjölmiðla eða rati á síður sögubóka svo lengi sem málsmeðferð sé réttlát.¹⁴

Við fyrstu sýn mætti halda því fram að dómur Hæstaréttar og aukaréttar Reykjavíkur falli ekki undir pólitísk réttarhöld. Þar voru einstaklingar dæmdir fyrir þátttöku í óeirðum sem brutust út í kjölfar mótmæla. Sumir þeirra beittu opinbera starfsmenn ofbeldi, sem leiðir til refsihækkunar í einstaka tilvikum samkvæmt 106. grein hegningarlaga.¹⁵ Samt sem áður verður að taka fleiri atriði málsins til greina. Í þessu tilviki var ekki einungis verið að bregðast við afleiðingum óeirða og mótmæla, heldur voru stórvægilegir pólitískir hagsmunir í húfi. Þessir hagsmunir komu meðal annars fram í réttarrannsókninni þar sem áhersla var m.a. lögð á það hvort ákærðu væru tengdir ákveðnum stjórnmalaflokkum eða samtökum. Þá var ekki rannsakað hvort aðgerðir ríkisstjórnarinnar og lögregluyfirvalda hefðu haft áhrif á mótmælaaðgerðirnar. Auk þess voru skil dómsvalds og framkvæmdavalds óskýr því að samkvæmt íslenskum lögum fór þáverandi dómismálaráðherra, Bjarni Benediktsson, með ákærvald á þessum tíma. Sem utanríkisráðherra í stjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar á árunum 1947–1949 átti hann mestan þátt í því að Ísland gekk í NATO. Með þessi atriði til hliðsjónar verða færð rök fyrir því að setja megi réttarhöldin vegna atburðanna á Austurvelli undir skilgreiningu Kirchheimer á pólitískum réttarhöldum.

Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum um tengsl stjórn mála og laga: Hver voru tildrög ákæranna í málinu? Hverjar voru áherslur ákærvaldsins? Hvers konar dómur féllu og hvaða lagaákvæðum var beitt? Hvaða áhrif höfðu dómarnir á

¹⁴ Kirchheimer, *Political Justice*, bls. 47–48.

¹⁵ Vef. Lagasafn Alþingis. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

sakborninga og hvernig var þeim framfylgt? Hvernig var brugðist við dómunum og hvernig fór sakaruppgjöf fram? Hvernig endurspegla dómarnir ráðandi stjórnsmálaviðhorf á 5. og 6. áratugnum?

Ritgerðin skiptist í fjóra kafla. Í fyrsta kaflanum verður fjallað um óeirðirnar og viðbrögð við þeim. Þá verður vikið að upphafi réttarrannsóknarinnar, áherslum ákærvaldsins og stöðu og sjónarmiða sakborninga. Í öðrum kafla verður sjónum beint að réttarhöldunum sjálfum. Sérstök áhersla verður lögð á lögfræðileg álitamál og réttarfarsleg áhrif dómanna. Í þriðja kafla verður orðræðan um dómsúrskurðina greind. Fjallað verður um ásakanir andstæðinga NATO-aðildar um stéttadóma og réttarofsóknir. Enn fremur verða viðhorfum stjórnvalda sem og lögreglumanna og varaliðsmanna gerð skil. Í því samhengi verður m.a. vísað til hugmynda um að ótti við valdarán sósíalista hafi haft áhrif á viðbrögð yfirvalda. Í fjórða kafla verður einblínt á hvernig málinu lauk með framkvæmd sakaruppgjafar. Loks verður fjallað um eftirmál dómsmálanna og áhrif þeirra á líf og störf hinna dæmdu manna.

I. Viðbrögð stjórnvalda við óeirðunum og upphaf réttarrannsóknarinnar

Umræður á Alþingi 31. mars 1949 og þingsályktunartillaga Áka Jakobssonar um rannsóknarnefnd

Segja má að viðhorf til þess hvernig óeirðirnar á Austurvelli brutust út og hverjir báru ábyrgð á þeim skiptist í tvær fylkingar. Annars vegar hélt ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks því fram að veruleg hættu hafi stafað af aðgerðum mótmælenda. Margir lögreglumenn og varaliðsmenn tóku í sama streng.¹⁶ Sú skoðun var útbreidd í þessum hópi að sósíalistar hefðu komið að skipulagningu árásarinnar á Alþingi. Sumir varaliðsmenn gengu svo langt að halda því fram að markmiðið hafi verið að ræna völdum.¹⁷ Hins vegar skelltu sósíalistar og aðrir andstæðingar NATO-aðildar skuldinni á ríkisstjórnarflokkana og lögregluyfirvöld fyrir að hafna þjóðaratkvæðagreiðslu um NATO-aðildina. Í þessum hópi töldu margir að viðbrögð lögregluyfirvalda jafngiltu árás á „alþýðuna“ sem ekki hefði viljað að Ísland gengi í hernaðarbandalag.

¹⁶ *Morgunblaðið* 31. mars 1949, bls. 1–2.

¹⁷ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. mars 1949*, bls. 199.

Deilurnar um atburðarásina þennan afdrifaríka dag hafa ekki síst snúist um hlutverk og aðgerðir þeirra sem staddir voru á Austurvelli. Eftir ákvörðun Alþingis um að taka aðild Íslands að NATO á dagskrá 30. mars boðaði fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún til útifundar við Miðbæjarbarnaskólann kl. 13 sama dag. Skorað var á almenning að taka sér frí til að mæta á útifundinn, þar sem þess yrði krafist að innganga Íslands í NATO færi í þjóðaratkvæðagreiðslu.¹⁸ Á sama tíma barst yfirlýsing frá Ólafi Thors, formanni Sjálfstæðisflokksins, Eysteini Jónssyni, formanni þingflokks Framsóknarflokksins og Stefáni Jóhanni Stefánssyni, formanni Alþýðuflokksins, þar sem skorað var á „friðsama borgara“ að mæta á Austurvöll í hádeginu í þeim tilgangi að tryggja Alþingi starfsfrið.¹⁹ Þessi tilmæli úr forystuliði þeirra þriggja flokka sem stóðu að NATO-aðildinni áttu síðar eftir að sæta gagnrýni. Í ævisögu sinni viðurkenndi Stefán Jóhann Stefánsson að tilkynningin hefði verið „ástæðulítill og miður heppileg“, enda var við því að búast að hún myndi kynda undir óróa þar sem henni var beint gegn mótmælendum.²⁰

Eftir útifund verkalýðsfélaganna við Miðbæjarbarnaskólann hélt hópurinn niður á Austurvöll þar sem fjöldi fólks var þegar saman kominn. Talið er að um tíu þúsund manns hafi verið þar þegar mest var.²¹ Viðbúnaður lögreglu var verulegur og var allt lögreglulið höfuðborgarsvæðisins til taks á Austurvelli. Auk þess hafði lögreglustjóri kallað saman sérstakt varalið sem skipað var félögum úr ungliðahreyfingum Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks. Það myndaði varnarvegg fyrir utan Alþingishúsið þar sem þingfundur fór fram.²²

Engin sátt er um atburðarásina eftir það. Annars vegar var því haldið fram að mótmælendur hefðu byrjað að kasta grjóti, eggjum og moldarköggjum í átt að Alþingishúsinu. Hins vegar var fullyrt að fólk hefði haldið ró sinni allt þangað til ljóst var að þingið hefði samþykkt aðild Íslands að NATO. Þá tilkynnti Stefán Ögmundsson, prentari og félagi í Sósíalístaflokknum, með hátalara í bifreið sem lagt hafði verið fyrir framan Alþingishúsið, að þingmenn Sósíalístaflokksins væru fangar í

¹⁸ *Þjóðin og kylfan*, bls. 13–14.

¹⁹ Sama.

²⁰ Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar*, bls. 55.

²¹ Tölur um þann fjölda sem var samankominn er mismunandi eftir heimildum. Í *Þjóðviljanum* 31. mars 1949 segir að þar hafi verið 8-10.000 manns.

²² Vef. „Ásgeir Pétursson fyrrv. Sýslumaður“, *Skessuhorn*.

þinghúsinu. Hann var síðar ákærður og dæmdur fyrir verknaðinn.²³ Í kjölfar þess ætist mannfjöldinn og lét ófriðlega. Til að bregðast við því ástandi streymdi 50 manna lið út úr Alþingishúsinu inn á Austurvöll, vopnað kylfum og hjálmum og lagði til atlögu við mótmælendur. Þetta lið var skipað mönnum í Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna. Mikil átök urðu á milli varaliðsmanna og þeirra sem fremst stóðu við víglínuna með grjótkasti og kylfuhöggum. Átökin náðu síðan hámarki þegar tárassprengjum var varpað yfir Austurvöll.²⁴

Um það var deilt frá upphafi hvort óeirðirnar hefðu orðið vegna aðgerða varaliðsins eða hvort orð Stefáns Ögmundssonar hefðu espað upp mótmælendur.²⁵ Þessar ólíku túlkanir á atburðunum komu fram í þingræðum sem áttu sér stað á Alþingi 31. mars 1949, daginn eftir óeirðirnar. Umræðurnar urðu hatrammar og tókust þar einkum á þingmenn Sósíalístaflokksins annars vegar og þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hins vegar. Þingmenn Alþýðuflokksins létu minna til sín heyra, ef til vill vegna þess að tveir úr þingflokknum höfðu greitt atkvæði gegn NATO-aðildinni. Ræður þingmanna Sósíalístaflokksins beindust einkum að aðgerðum lögreglustjóra og ríkisstjórnarinnar þann dag. Einar Olgeirsson, formaður Sósíalístaflokksins hóf mál sitt með því að lýsa sök á hendur ríkisstjórninni og formönnum þeirra þriggja stjórnmalaflokka sem hvöttu borgara til að mæta á Austurvöll. Þeir hefðu einnig skipulagt árás vopnaðrar lögreglu og varaliðsmanna á mótmælendur sem staddir voru á Austurvelli.²⁶ Stefán Jóhann Stefánsson, forsætisráðherra, svaraði ásökununum með því að lýsa því yfir að hann teldi það ósvífni og yfirdrepsskap að þeir sem hefðu æst fólkið dögum saman til að „gera árás á löggjafarþingið” væru að krefjast útskýringa á skipulagi varna þinghússins.²⁷ Eysteinn Jónsson, menntamálaráðherra, tók í sama streng og gerði lítið úr því að hann hefði ásamt Ólafi Thors og Stefáni Jóhanni Stefánssyni hvatt fólk til mæta á Austurvöll. Að hans dómi skipti mestu máli að sósíalistar bæru ábyrgð á átökunum.²⁸

Annað veigamikil ágreiningsmál var hvort aðförin að Alþingishúsinu hefði verið skipulögð. Í ræðu sinni sakaði Stefán Jóhann Stefánsson þingmenn Sósíalístaflokksins um að hafa gert árás á Alþingi og beitti andkommúnískum rökum

²³ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. mars 1949*, bls. 228–229.

²⁴ *Þjóðin og Kylfan*, bls. 20–22.

²⁵ Sjá Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. mars 1949*, 228–230.

²⁶ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 215.

²⁷ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 217.

²⁸ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 218.

máli sínu til stuðnings. Þeir hefðu æst upp fólk í orðum og verki í anda aðferða Rússa.²⁹ Áki Jakobsson, þingmaður Sósíalístaflokksins, lagði hins vegar áherslu á að þingmönnum hefði verið aftrað að komast út úr Alþingishúsinu. Þá hefði lögreglustjóri brotið réttarreglur með því að vopna varaliðið með kylfum og hjálmum og varpa gassprengjum á fólk án viðvörunar.³⁰ Deilurnar snerust einnig um það hver hefði gefið skipun um að beita tárágasi. Þingmenn Sósíalístaflokksins skelltu skuldinni á Ólaf Thors fyrir að hafa gefið lögreglunni merki út um glugga þinghússins. Brynjólfur Bjarnason, þingmaður Sósíalístaflokksins, sagðist hafa séð til Ólafs ganga að glugganum í þessum erindagerðum. Eftir það hefðu „hvítliðar“ ráðist að mannfjöldanum með kylfur á lofti.³¹ Ólafur vísaði þessari ásökun á bug og sagðist einungis hafa staðið við gluggann. Þá hélt hann því fram að Sósíalístaflokkurinn hefði skipulagt árásina á Alþingi með því að halda fund „til þess að hindra ákvarðanir löglegs meiri hluta á Alþingi, en þeir guggnuðu á því, og kommúnistarnir komu svo sjálfir til fundar.“³² Hannibal Valdimarsson, þingmaður Alþýðuflokksins, sem ásamt Gylfa Þ. Gíslasyni greiddi atkvæði gegn NATO-aðildinni, var hins vegar gagnrýninn á aðgerðir lögreglunnar. Í þingræðu sinni sagðist hann harma það að átök hefðu brotist út á Austurvelli, en hann væri þeirrar skoðunar að lögregluliðið hefði haft æsandi áhrif á mannfjöldann. Þá deildi hann við lögregluna og varaliðið fyrir að varpa gassprengjum á mótmælendur. Lauk hann ræðu sinni með eftirfarandi orðum: „Sannleikurinn er sá, að það er verið að fylkja íslenzku þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar, annars vegar hálfóða kommúnista og hins vegar hálfóða nazista, en slíkt getur aldrei leitt til farsældar.“³³

Eftirköst átakanna á Alþingi voru stórfelld og höfðu þau veruleg áhrif á þingstörfin. Sakadómur Reykjavíkur hóf þegar, síðdegis 30. mars, rannsókn á málinu og stóð fyrir yfirheyrslum vikunar þar á eftir.³⁴ Þingmenn Sósíalístaflokksins voru mjög ósáttir með þá ákvörðun stjórnvalda að fara með málið fyrir dómstóla. Sem mótsvar við aðgerðum ríkisstjórnarinnar og ákærvaldsins lagði Áki Jakobsson fram þingsályktunartillögu um að skipa fimm manna rannsóknarnefnd til að rannsaka orsakir og eðli óeirðanna. Þá átti sérstaklega að rannsaka þátt lögreglustjórans í

²⁹ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 220.

³⁰ Sama.

³¹ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 230

³² *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 227.

³³ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 236.

³⁴ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. mars 1949*, bls. 281.

Reykjavík, Sigurjóns Sigurðssonar, og ríkisstjórnarinnar. Loks væri nefndinni heimilt að krefjast munnlegrar og skriflegrar skýrslugjafar af embættismönnum og einstökum mönnum samkvæmt 39. grein stjórnarskrárinnar,³⁵ en hún kveður á um að Alþingi sé heimilt að skipa nefnd alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning.³⁶

Í tillögu Áka Jakobssonar voru aðgerðir lögreglufirvalda og stjórnvalda gagnrýnd í níu liðum. Dregin voru fram atriði sem vörðuðu hlutverk þeirra í óeirðunum, þar sem því var m.a. haldið fram að lögreglustjóri hefði ekki verið heimilt að skipa varaliðið. Þá var bent á að engin viðvörun hefði heyrst frá lögreglunni um að tárágassprengjum yrði kastað. Í niðurlagi tillögunnar segir að hér hafi verið um að ræða fyrirfram undirbúna „provokation“ af hálfu ríkisstjórnarinnar og lögreglustjóra. Stjórnvöld hefðu skipað varalið og falið því það hlutverk að stofna til óeirða.³⁷

Tillagan var lögð fyrir neðri deild Alþingis í apríl 1949 og tekin til umfjöllunar þremur vikum síðar. Málið, sem var tvisvar sinnum tekið af dagskrá áður en það hlaut afgreiðslu, var rætt í fjórum þingræðum. Sigfús Sigurhjartarson, þingmaður Sósíalístaflokksins, fór með málið fyrir hönd Áka Jakobssonar. Finnur Jónsson, þingmaður Alþýðuflokksins, lét þau orð falla í þingræðu áður en tillagan fékkst rædd að hún væri „allfurðuleg“ og flutt af „meiri ósvífni en nokkuð annað mál, sem sézt hefur á Alþingi“. Þær ásanir sem kæmu fram í tillögunni um að óeirðirnar hefðu verið skipulagðar af ríkisstjórninni væru rangar. Þá varði hann aðgerðir lögreglunnar, varaliðsins og lögreglustjóra. Benti hann á að lögreglan hefði verið að vernda störf Alþingis og þá þingmenn sem staddir voru í þinghúsinu. Hann var ekki í nokkrum vafa um að árásin hefði verið skipulögð af sósíalístum, enda hefðu flokksmenn æst upp mannfjöldann með þeim afleiðingum að óeirðir brutust út. Finnur lagði til að málið yrði tekið af dagskrá.³⁸

Sigfús Sigurhjartarson bar hins vegar saman aðferðir ríkisstjórnarinnar 30. mars við aðfarir fasista í Evrópu, sérstaklega Þýskalandi, Ítalíu og Grikklandi, gegn kommúnistum. Þessar aðferðir fælust í því að stjórnmalaflokkar egndu til átaka með skipulögðu liði. Þá lýsti hann yfir vantrausti á dómsvaldið þar sem það tæki afstöðu

³⁵ Vef. Óeirðirnar á Austurvelli 30. marz 1949, 194. mál, þingsályktunartillaga 26.04.1949.

³⁶ Vef. Lagasafn Alþingis. 39. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands 1944.

³⁷ Vef. Óeirðirnar á Austurvelli 30. marz 1949, 194. mál, þingsályktunartillaga 26.04.1949.

³⁸ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 681.

með auðvaldinu og ráðandi stéttum. Hann leit svo á að rannsóknin sem hófst eftir 30. mars væri dæmi um réttarofsóknir því að leitað væri saka hjá ákveðnum mönnum úr ákveðnum flokki.³⁹ Hins vegar þyrfti að upplýsa þátt varaliðsins í óeirðunum. Sakaði hann Sjálfstæðisflokkinn um að hafa haldið uppi heræfingum vikum saman og því verið viðbúinir átökunum.⁴⁰ Ekkert hefur þó komið fram sem staðfestir þessa fullyrðingu.

Þingsályktunartillagan var mótsvar Sósíalístaflokksins við þeirri réttarrannsókn sem hófst eftir óeirðirnar 30. mars og var ætlað að varpa ábyrgðinni á ríkisstjórnina og lögreglustjóra sem ættu að sæta sams konar rannsókn og þeir sem voru í stjórnarandstöðu. Eftir að Barði Guðmundsson, forseti Alþingis, hafði bent á að málið væri nú þegar í rannsókn hjá sakadómara fór hann með sameiginlega yfirlýsingu Finns Jónssonar, þingmanns Alþýðuflokks, Halldórs Ásgrímssonar, þingmanns Framsóknarflokks, og Sigurðar Kristjánssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, sem töldu tillöguna tilefnislausu.⁴¹ Í kjölfarið var málið tekið af dagskrá.

Upphaf réttarrannsókna

Eftir að sakadómari hóf rannsókn á óeirðunum voru fimm einstaklingar handteknir á Austurvelli 30. mars og færðir í gæsluvarðhald.⁴² Ein þeirra var 17 ára stúlka, Margrét Anna Þórðardóttir, sem sló forsætisráðherra kinnhest með blautri tusku. Þetta atvik vakti mikla athygli og varð táknrænt í baráttunni gegn aðildinni að NATO.⁴³ Margréti var ekki refsað frekar fyrir atvikið, en Stefán Jóhann Stefánsson sagði í æviminningum sínum að sér hefði ekki fundist tilefni til að refsa henni. Sagðist hann hafa óskað þess að ekkert yrði gert í því og var það tekið til greina.⁴⁴ Réttarrannsóknin hélt áfram næstu vikur og voru menn yfirheyrdir um atvik dagsins. Nokkrir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í kjölfar þess. Í grein í tímaritinu *Rétti* taldi Brynjólfur

³⁹ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 683.

⁴⁰ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 696.

⁴¹ *Alþingistíðindi* 1949 D, d. 694.

⁴² Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. mars 1949*, bls. 281.

⁴³ Katherine Connor Martin, „Nationalism, Internationalism and Gender in the Icelandic anti-base movement, 1945–1956”, bls. 67.

⁴⁴ *Stefán Jóhann Stefánsson*, *Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar*, bls. 57.

Bjarnason aðferðir sakadóms fremur líkjast aðförum lögregluríkis en réttarríkis.⁴⁵ *Þjóðviljinn* fjallaði um réttarrannsóknina vikurnar sem hún stóð yfir og beindi m.a. sjónum að reynslu þeirra sem voru færðir í gæsluvarðhald. Einn þeirra var Stefán Magnússon, eigandi bifreiðarinnar sem notuð var til að ávarpa mannfjöldann. Stefáni var haldið föngrum í fimm sólarhringa þar sem hann var spurður um þátttöku sína á Austurvelli. Samkvæmt *Þjóðviljanum* var hann látinn dúsa í „heitum klefa með afar lélegri loftræstingu“ dögum saman.⁴⁶ Kristófer Sturluson, sjómaður, sat lengst inni af þeim sem voru handteknir fyrir meinta þátttöku í óeirðunum. Kristófer sat í gæsluvarðhaldi í átján daga, en hann var síðar sýknaður í aukarétti Reykjavíkur og Hæstarétti fyrir aðild að málinu.⁴⁷

Síðar lýsti Stefán Ögmundsson reynslu sinni af réttarrannsókninni, en hann hlaut þyngsta dóminn. Þar lýsti hann því að hann hefði verið kallaður fyrir rétt í sjö skipti. Rannsóknarrétturinn var með aðsetur á Fríkirkjuvegi 11, æskuheimili Ólafs Thors. Stefán skýrði frá upplifun sinni á þennan hátt:

Þegar ég gekk þar um gólf í ganginum og beið þess að vera yfirheyrður í fyrsta sinn kom mér í hug hve einstaklega ráðamenn íslenskrar auðstéttar hefðu verið stílfastir í athöfnum, þegar þeir völdu æskuheimili Ólafs Thors fyrir rannsóknarlögreglu sína og breyttu dagstofu Thorsfjölskyldunnar í dómsal yfir íslensku fólki. Þar sem Ólafur og bræður hans léku að gullum sínum, brúðum og böngsum, lærðu faðir vorið og fleira gott, skálma nú lögreglumenn og lærisveinar í sakamálum breiða ganga. Þeir æfðustu skella hurðum svo fast að hriktir í, æsa sig upp og reyna að vekja ótta og virðingu fyrir húsakynnum réttlætisins og handhöfum dómsvaldsins.⁴⁸

Eins og áður sagði var ákveðið strax í upphafi að málið færi fyrir dómstóla. Vissulega má færa rök fyrir því að rannsóknin hafi átt rétt á sér þar sem ofbeldi var framið. Fimm lögreglumenn slösuðust alvarlega og einn þeirra höfuðkúpubrotnaði.⁴⁹ Því var tilefni að færa þá sem staddir voru á Austurvelli til yfirheyrslu. Þó er ekki unnt að líta framhjá því að rannsóknarskýrslur benda til þess að ákveðnir pólitískir hagsmunir hafi verið í húfi við rannsókn málsins. Áherslu sakadómarar svipaði mjög til þeirra viðhorfa sem komu fram í þingræðum þeirra sem voru í þingflokki

⁴⁵ Brynjólfur Bjarnason, „Innlend víðsjá“, bls. 44.

⁴⁶ *Þjóðviljinn* 14. apríl 1949, bls. 1.

⁴⁷ *Þjóðviljinn* 23. apríl 1949, bls. 1.

⁴⁸ *Þjóðviljinn* 5. apríl 1950, bls. 5.

⁴⁹ *Alþýðublaðið* 1. apríl 1949, bls. 1.

Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins þar sem þeir töldu að árásin hefði verið skipulögð af sósíalístum og verkalyðshreyfingunni.⁵⁰ Athygli vekur að enginn úr varaliði lögreglunnar var kallaður til yfirheyrslu. Varaliðsmenn voru einungis kallaðir fyrir sem vitni í málinu eftir að ákærur voru lagðar fram.

Rannsóknin tók nokkrar vikur en við lok hennar voru 24 menn ákærðir fyrir þátttöku sína í óeirðunum.⁵¹ Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkis- og dómsmálaráðherra, fór með ákæruvald. Samkvæmt réttarvenju fyrirskipaði dómsmálaráðherra rannsókn máls og hafði umsjón og yfirstjórn þess. Í raun brýtur það í bága við regluna um þrískiptingu ríkisvalds sem mælir fyrir um aðskilnað framkvæmdarvalds, dómsvalds og löggjafarvalds til að tryggja valddreifingu innan stjórnkerfisins. Því fer það gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar að handhafi framkvæmdarvalds hafi í höndum ákæruvald sem fellur inn á verksvið dómsvaldsins.⁵² Þrátt fyrir þessa réttarreglu, þá hefur ekki tíðkast í íslenskri lagahefð að mismunandi valdhafar fari með hvern þátt ríkisvaldsins fyrir sig. Til dæmis eru flestir ráðherrar skipaðir úr hópi þingmanna sem fara þá bæði með löggjafar- og framkvæmdarvald.⁵³ Sú réttarvenja að dómsmálaráðherra hafi í höndum ákæruvald var fyrst skráð í lög árið 1951 þegar heildstæð lög um meðferð opinberra mála voru fyrst lögfest á Íslandi. Upphaf hennar má rekja aftur til rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Undir áhrifum kirkjunnar varð töluverð breyting á meðferð opinberra mála sem hafði fram að því verið í höndum einstaklinga. Kirkjan innleiddi svokallað „rannsóknarréttarfar“. Þá höfðu biskupar lögreglu- og dómsvald, en dómari sá um að upplýsa mál. Þá sá hann um rannsókn máls að eigin frumkvæði og stýrði henni. Það var ekki fyrr en á 18. öld sem greint var á milli refsímála og annarra mála. Á þeim tímapunkti færðist ákæruvald yfir til ráðherra.⁵⁴

Fram að setningu laganna 1951 má segja að sú lagahefð sem mótast hafði í opinberum málum hafi verið óstöðug. Flest þau ákvæði sem fylgt var eftir voru ekki gefin út með löggiltum íslenskum lagatexta. Einar Arnórsson komst svo að orði í *Tímariti Lögfræðinga*, að meðferð opinberra mála hafi verið í molum fyrir árið 1951. Ein ástæðan er sú að mörg ákvæðin voru úrelt og samsvöruðu ekki þeim kröfum sem

⁵⁰ *Þjóðin og kylfan*, bls. 30.

⁵¹ Hrd. 1952, bls. 190.

⁵² Björg Thorarensen, „Stjórnskipunarréttur“, bls. 28–29.

⁵³ Sama, bls. 29.

⁵⁴ *Lög um meðferð sakamála*, bls. 15.

gerðar eru til opinberra mála í nútíma réttarríkjum. Aðdragandi laganna var langur og erfitt var að ná sátt um ákveðin mál. Frumvarp til laganna var lagt fyrir Alþingi 1948 og aftur árið 1949 án árangurs. Ágreiningurinn snerist að mestu leyti um kostnað þess að setja upp nýtt embætti saksóknara ríkisins sem færi með ákærvald í stað ráðherra. Flestir voru sammála því að það væri óhæfilegt að ákærvald væri í höndum ráðherra. Vegna kostnaðar var ákveðið að fjarlægja ákvæðin um skipun saksóknara úr frumvarpinu og var það lagt fyrir þing 1950 og samþykkt í febrúar 1951. Samkvæmt þeim lögum var ákærvald enn í höndum ráðherra.⁵⁵ Þegar ákærur voru gefnar út eftir óeirðirnar 30. mars var það viðurkennt í íslenski réttarframkvæmd að ráðherra færi með ákærvaldið. Þá voru löggin um meðferð opinberra mála ekki enn lögfest. Vandkvæði þessa fyrirkomulags var augljóst. Einstaklingar í valdastöðu gátu í krafti þess haft áhrif á framvindu dómsmáls og grafið undan lögmæti og trúverðugleika dómsvaldsins.

Í vestrænum réttarríkjum er gengið út frá því að dómstólar og dómara eigi að fylgja lögum og gæta þess að engir utanaðkomandi hagsmunir hafi áhrif á meðferð máls.⁵⁶ Þetta er lögfest í 1. málsgrein 70. greinar stjórnarskrárinnar sem fjallar um rétt til réttlátrar málsmeðferðar. Þar er sjálfstæði dómstóla undirstrikað, þá sérstaklega gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ákvæðið girðir fyrir að stjórnvöld geti breytt dómsniðurstöðum eftir eigin geðþótta. Réttlát málsmeðferð telst til hornsteina lýðræðissamfélaga.⁵⁷ Á þetta reynir sérstaklega í málum sem lúta að pólitískum álitaefnum og hagsmunum stjórnvalda. Í tilviki réttarhaldanna í kjölfar 30. mars, þá reyndi á hlutleysi dómara ekki síst vegna hlutdeildar Bjarna Benediktssonar í málinu.

Sakborningar og ákærupættir

Eins og fyrr greinir voru 24 einstaklingar ákærðir og dæmdir í aukarétti Reykjavíkur og Hæstarétti Íslands fyrir að hafa átt þátt í mótmælunum á Austurvelli 30. mars 1949. Samkvæmt málsgögnum voru þeir allir á Austurvelli á meðan óeirðirnar áttu sér stað. Flestir voru ákærðir á grundvelli þess að hafa tekið virkan þátt í óeirðunum og

⁵⁵ Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála”, bls. 78–80

⁵⁶ Bartels og Johnston, „Political Justice? Perceptions of politicization and public preferences toward the Supreme Court appointment process”, bls. 105.

⁵⁷ Björg Thorarensen, „Stjórnskipunarréttur”, bls. 69.

þar með raskað öryggi og starfsfriði Alþingis. Þá fengu flestir sakborningar ákæru fyrir að hafa veist að opinberum starfsmönnum með líkamlegu ofbeldi.⁵⁸

Þegar lítið er yfir málgögn réttarhaldanna yfir sakborningunum vakna upp ýmsar spurningar um tengsl manna og hlutverk þeirra í óeirðunum. Aldur og störf geta gefið vísbendingar um áherslur ákærvaldsins. Aldurshópur sakborninga var nokkuð breiður. Yngsti sakborningurinn var 17 ára, en þeir elstu á fimmtugsaldri. Athyglisvert er að flestir þeirra voru í verkamannastétt, enda höfðu verkalýðsfélögin staðið að mótmælafundinum 30. mars. Stefán Ögmundsson var prentari, Stefnir Ólafsson verkamaður, Jón Kristinn Steinsson bifvélavirki, Alfons Guðmundsson verkamaður, Garðar Óli Halldórsson sjómaður, Magnús Jóel Jóhannsson rennismiður, Guðmundur Jónsson verkamaður og Kristófer Sturluson sjómaður. Friðrik Anton Högnason og Kristján Guðmundsson voru bifreiðarstjórar. Hálfán Bjarnason var deildarstjóri, Sigurður Jónsson sundvallarvörður, Jón Múli Árnason útvarpsþulur og Jóhann Pétursson rithöfundur. Þá voru Gísli Rafn Ísleifsson, Árni Pálsson, Guðmundur Helgason, Páll Theódórsson og Ólafur Jensson nemendur.⁵⁹ Jón Múli var eini opinberi starfsmaðurinn af sakborningum. Þrír voru í háskólanámi. Árni Pálsson var í guðfræði, Páll Theódórsson í eðlisfræði og Ólafur Jensson í læknanámi. Enginn sakborninganna var embættismaður.

Vert er að kanna frekar hvers vegna ákærvaldið dró þessa tilteknu einstaklinga fyrir dóm en ekki aðra sem mótmæltu á Austurvelli og tóku þátt í óeirðunum. Erfitt er að segja til um það hversu margir voru samankomnir á Austurvelli þegar mest á lét. Samkvæmt *Þjóðviljanum* var fjöldinn á bilinu 8–10.000 manns. Önnur dagblöð nefna engar sérstakar tölur og vísa einungis til þess að fjöldi manns hafi verið þar.⁶⁰ Í gögnum aukaréttar Reykjavíkur er rakið hvernig rannsókn málsins fór fram og þau vandamál sem sakadómurinn þurfti að glíma við í sönnunarfærslum. Í dómi réttarins segir eftirfarandi um rannsókn málsins: „Í hinum mikla mannfjölda og við þær aðstæður, sem óeirðirnar sköpuðu, veittist lögreglunni örðugt að taka eftir, hverjir það voru, sem óspektir höfðu frammi, og hefur það torvelað mjög rannsókn þessa máls. Reynt hefur verið eftir föngum að upplýsa málið, og hefur sú rannsókn leitt til málshöfðunar þessarar.”⁶¹ Í því samhengi er vert að vitna til niðurstöðu Hæstaréttar:

⁵⁸ Hrd. 1952, bls. 194.

⁵⁹ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 212–213.

⁶⁰ *Þjóðviljinn* 31. mars 1949, bls. 1.

⁶¹ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 219.

„Ekki hefur orðið uppvíst, hverjir voru valdir að áverkum á lögreglumönnum. Ekki er heldur leitt í ljós, hverjir brutu með grjótkasti glugga í þingsal sameinaðs Alþingis, meðan Alþingi sat þar að störfum, eða ollu öðrum spjöllum á Alþingishúsinu í upphlaupinu.”⁶² Því er ljóst að dómsvaldið átti í miklum erfiðleikum með að sýna fram á hverjir tóku þátt í óeirðunum og hvernig færa ætti sönnur á því hverjir frömdu tiltekin brot.

Flestir sakborninganna voru ákærðir fyrir að hafa brotið lög í XII. kafla hegningarlaga um brot gegn valdstjórninni með því að kasta grjóti eða mold að Alþingishúsinu og lögreglu- og varaliðsmönnum sem stóðu þar vörð. Þó nokkur meiðsli urðu á mönnum í upphlaupinu. Einn lögreglumaður hlaut höfuðkúpubrot eins og fyrr segir eftir að hafa fengið grjót í höfuðið og annar varð fyrir grjótkasti í andlit svo tennur losnuðu. Nokkrir urðu fyrir minniháttar áverkum sem voru aðallega af völdum grjótkastsins.⁶³ Líkt og ofangreind tilvísun í dóm aukaréttar Reykjavíkur sýnir, þá var erfitt að rekja hvaða einstaklingar ollu þessum áverkum. Snerist rannsókn málsins að miklu leyti að því að safna saman vitnisburðum til sönnunar þess að sakborningar hefðu veist að lögreglumönnum og varaliðsmönnum. Þá var einnig lögð áhersla á það hvort árásin hafi verið skipulögð af verkalýðsfélögum og Sósíalístaflokknum.

Erfitt er að gefa nákvæma tölu yfir þá sakborninga sem voru virkir félagar Sósíalístaflokksins árið 1949. Samkvæmt félagatali átti það við um a.m.k. tíu sakborninga.⁶⁴ Það voru þeir Gísli Rafn Ísleifsson, Guðmundur Helgason, Guðmundur Björgvin Vigfússon, Hreggviður Stefánsson, Jón Múli Árnason, Jón Kristinn Steinsson, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson, Stefán Oddur Magnússon og Stefán Ögmundsson. Sumir sakborninganna voru einnig félagar í Æskulýðsfylkingu Sósíalístaflokksins eða í hópi róttækra stúdenta.⁶⁵

Nokkrir sakborninganna voru félagar í verkalýðsfélögum eins og Verkalýðsfélaginu Dagsbrún. Meðal þeirra voru Stefán Ögmundsson, Stefán Oddur Magnússon og Guðmundur Björgvin Vigfússon.⁶⁶ Stefán Oddur Magnússon gekk ungur í Samtök ungra kommúnista og var síðar virkur í Kommúnístaflokknum og

⁶² Hrd. 1952, bls. 194.

⁶³ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 219.

⁶⁴ *Viðtal*. Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri *Þjóðviljans*, 25. nóvember 2016.

⁶⁵ Sama.

⁶⁶ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 219.

Sósíalístaflökknum.⁶⁷ Stefán Ögmundsson, sem var fyrrverandi varaforseti Alþýðusambands Íslands, var hvað mest áberandi í stjórnámálum af hinum dæmdu. Stefán tók t.d. virkan þátt í mótmælunum sem brutust út við Sjálfstæðishúsið á Austurvelli í kjölfar þess að Alþingi samþykkti Keflavíkursaminginn árið 1946. Aðrir sakborningar voru þátttakendur í þeim átökum, þar á meðal Hreggviður Stefánsson sem var þá í félagi Æskulýðsfylkingarinnar.⁶⁸

Af gögnum málsins virðist sem sakborningarnir sem voru ekki tengdir Sósíalístaflökknum, Æskulýðsfylkingunni eða verkalýðsfélögunum, hafi verið á Austurvelli af sjálfsdáðum. Þetta kemur m.a. fram í málsvörnum Alfonsar Guðmundssonar og Guðmundar Jónssonar.⁶⁹ Víst er að sumir sakborninganna fóru á Austurvöll til að mótmæla og misstu stjórn á sér í hita leiksins.

Svo virðist sem lítil tengsl hafi verið á milli sakborninganna fyrir utan þá sem voru í Sósíalístaflökknum. Samkvæmt vitnisburðum fóru flestir þeirra á Austurvöll eftir að hafa heyrt í forystumönnum stjórnámálaflokkanna hvetja fólk til að mæta. Þeir útskýrðu þátttöku sína í mótmælunum með því að vísa til andstöðu þeirra við aðild Íslands að NATO. Enginn sakborninganna var úr hópi varaliðsmanna lögreglunnar, sem börðust við mótmælendur á Austurvelli. Ákærvaldið leit svo á að þeir væru í sömu stöðu og almennir lögreglumenn, þótt þeir hefðu verið valdir með pólitískum hætti.

Áhersluatriði og sönnunarfærslur

Áherslur ákæru- og dómsvaldsins voru af tvennum toga. Annars vegar var lögð áhersla á þátttöku sakborninganna í uppþotinu fyrir framan Alþingishúsið. Í því fólst meðal annars að kasta grjóti, eggjum og mold í átt að lögreglumönnum og varaliðsmönnum sem stóðu vörð um þinghúsið. Ákært var á grundvelli þess að sakborningarnar hefðu beitt opinbera starfsmenn ofbeldi og væru því sekir um brot gegn 106. og 107. greinum hegningarlaga. Hins vegar var mikið lagt upp úr hlutverki sakborninga í skipulagningu óeirðanna. Áhersla var lögð á að rannsaka hverjir bæru

⁶⁷ *Morgunblaðið* 1. október 2009.

⁶⁸ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 412–414.

⁶⁹ Sjá t.d. *ÞÍ*. Hæstiréttur Íslands 1950. Málskjöl. Mál nr. 62:1950. Vörn fyrir Guðmund Jónsson í málinu réttvísín og valdstjórnin gegn Guðmundi Jónssyni o.fl.

ábyrgð á óeirðunum sjálfum og hvort stjórnmalasamtök hefðu skipulagt árásina á Alþingi.

Í dómi aukaréttar Reykjavíkur segir eftirfarandi um tilhögun rannsóknarinnar: „Rannsókn máls þessa hefur að sjálfsögðu beint að því meðal annars hvort samtök manna hafi staðið að óeirðunum. Þó ýmis atvik bendi til þess, að svo hafi verið, verður það þó eigi talið sannað.”⁷⁰ Í gögnum sakadómsins er að finna vitnisburð Magnúsar Eggertssonar varðstjóra hjá rannsóknarlögreglunni. Þar segir hann um atvik þau sem leiddu til óeirðanna og viðbrögð lögreglu við þeim:

„(...) en ekki gat vitni greint, að mótþrói þessi væri skipulagður né fyrir honum stæðu ákveðnir forsprakkar. Er fólkinu hafði verið rutt frá dyrunum og meðan á því stóð, virtist vitninu sem óeirðirnar mögnuðust meir og meir og grjót og aurkastið að Alþingishúsinu jókst. Skyndilega var skotið upp táragsprengju frá Austurvelli og féll hún niður þar sem óeirðirnar virtust mestar.”⁷¹

Í skýrslu Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns í Reykjavík rekur hann þá atburðarás sem leiddi til uppþotsins frá sínu sjónarhorni. Hópur manna hafi komið af fundinum við Miðbæjarbarnaskólann á Austurvöll. Eftir það hafi verið byrjað að kasta eggjum, torfi og grjóti á lögregluna og friðsama borgara við Alþingishúsið. „Var það auðsætt að þetta óaldarlið hafði skipulagt þessar árásir m.a. af því, hvað þeir höfðu flutt mikið af eggjum á staðinn til að kasta.”⁷²

Áhersla lögregluþjóns og ákærvaldsins á að rannsaka hver bæri mesta ábyrgð á óeirðunum kemur sérstaklega fram í máli Stefáns Ögmundssonar. Samkvæmt málgögnum réttarins vöktu orð Stefáns um að þingmenn Sósíalístaflokksins væru fangar í þinginu mikla reiði mótmælenda og var sú ályktun dregin að ræða hans hefði haft æsandi áhrif á mannfjöldann.⁷³ Málsvörn hans gekk út á að neita hlutdeild í upphlaupinu. Verjandi hans túlkaði höfuðákærana á hendur

⁷⁰ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 218.

⁷¹ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Endurrit úr lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Skjal nr. 32. Hefti I. Vitnisburður Magnúsar Eggertssonar, bls. 3.

⁷² ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Kærubók Nr. I. lagt fram í lögregluþing Reykjavíkur 04.04.49. Skýrsla Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns.

⁷³ Hrd. 1952, bls. 196.

honum sem ákæru á verkalyðshreyfinguna í Reykjavík.⁷⁴ Fullyrða má að ákærvaldið hafi litið á Stefán sem nokkurs konar leiðtoga þeirra sem tóku þátt í upphlaupinu.

Þrátt fyrir ummæli Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns, þá voru ekki allir samþykkir þeirri túlkun að um skipulagða árás hafi verið að ræða. Eins og áður sagði hélt Magnús Eggertsson því fram að lögreglumenn hefðu ekki orðið þess varir að árásin 30. mars hafi verið skipulögð né að fyrir henni stæðu einhverjir forsprakkar. Eins og hann orðaði það: „Benda atvik málsins ekki til þess, að stofnað hafi verið fyrirfram til samtaka um árásina. Hins vegar er ljóst af prófum og öðrum gögnum málsins, að þarna á staðnum varð upphlaup, þar sem samtök urðu í verki um að veitast með ofbeldi að Alþingi.”⁷⁵

Af málgögnum að dæma rannsökuðu lögregluyfirvöld atburði 30. mars með það til hliðsjónar að sérstök stjórnmalasamtök hefðu stefnt að Alþingi og ögrað sjálfstæði þess. Endurspeglast þetta viðhorf til óeirðanna í lögreglurannsókninni, enda var lögð rík áhersla á þetta atriði við yfirheyrslur. Ákærðu voru sérstaklega spurðir um hvaða stjórnmalastefnu þeir fylgdu og hvort þeir væru í pólitískum félagsskap.⁷⁶ Þetta áhersluatriði svipar mjög til skilgreiningar Otto Kirchheimer á pólitískum réttarhöldum. Algengasta tegund slíkra réttarhalda er þegar dæmt og ákært er fyrir aðgerðir einstaklinga og samtaka sem eru í andstöðu við ríkjandi stjórnarfyrikkomulag. Það vekur áleitnar spurningar um hlutdrægni að ákærvaldið skyldi hafa lagt svo mikla áherslu á að rannsaka tildrög óeirðanna út frá því hvort tiltekin stjórnmalasamtök hafi verið í verki.⁷⁷

Nokkrir sakborningar lýstu því yfir að þeir væru ekki í neinum sérstökum stjórnmalahreyfingum eða öðrum samtökum. Þetta kemur fram í málsvörn Alfons Guðmundssonar, Árna Pálssonar, Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Jóels Jóhannssonar. Lögfræðingur Guðmundar Jónssonar orðaði það svo: „Eins og fram kemur í réttarprófum, tók skjólst[æðingur] m[inn] ekki þátt í neinum samtökum að því, er óeirðir þessar snerti og ekki þekkti hann heldur neinn, er þátt tók í þeim.”⁷⁸ Þetta orðalag er gegnumgangandi í málgögnum sakborninga. Slíkt er einnig tekið

⁷⁴ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 84. Vörn Stefáns Ögmundssonar í máli réttvísinnar og valdstjórnarinnar, bls. 2.

⁷⁵ Hrd. 1952, bls. 194.

⁷⁶ *Þjóðin og kylfan*, bls. 30.

⁷⁷ Kirchheimer, *Political Justice*, bls. 46.

⁷⁸ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 57. Vörn Guðmundar Jónssonar í málinu ákærvaldið gegn Guðmundi Jónssyni o.fl.

fram í skýrslutöku vitna sem voru á Austurvelli. Í ljósi þess að staðhæfingarnar virðast hafa verið settar fram með kerfisbundnum hætti verður að taka þær með ákveðnum fyrirvara. En það er nokkuð víst að verjendurnir litu svo á að áherslur sakadóms beindust að því að óeirðirnar hefðu verið skipulagðar af stjórnmalasamtökum. Í vörn þeirra 10 félaga í Sósíalístaflokknum, sem ákærðir voru, tengdi enginn þátttöku sína í mótmælunum við flokkinn heldur var höfuðáhersla lögð á að gagnrýna meðferð málsins.⁷⁹

Einnig var mikið gert úr því að aðskilja mál einstakra sakborninga frá hinum sem ákærðir voru fyrir alvarlegri brot. Slíkt var gert til að undirstrika að þeir væru ótengdir stjórnmalasamtökum. Þetta atriði er áberandi í málsvörn þeirra sem ákærðir voru fyrir minniháttar brot. Flestir höfðu annað hvort kastað grjóti eða eggjum að lögregluþjónum eða varaliðsmönnum við þinghúsið. Í einu slíku máli hóf verjandinn málsvörn sína á að mótmæla því að skjólstæðingur sinn hefði verið ákærður í sameinuðu máli með öðrum sem sóttir hefðu verið til saka. Hann tók sérstaklega fram að ekki hefði verið um samvinnu eða samtök hans við hina ákærðu að ræða. Skjólstæðingur sinn hefði verið á móti inngöngu Íslands í NATO, en honum hefði verið frjálst að halda fram slíkri skoðun.⁸⁰

Vörn sakborninganna snerist einnig að miklu leyti um að gagnrýna áherslur lögregluþyrvalda við rannsókn málsins. Athugasemdir voru gerðar um það hvort sjálfstæði Alþingis hefði verið í hættu. Vakin var athygli á því að skorað hafði verið á borgara í Ríkisútvarpinu að mæta á Austurvöll af hálfu stjórnvalda. Einnig var gerð athugasemd við atferli lögreglunnar og spurt hvernig ákærvaldið hefði tekið á þeim málum. Í vörn eins sakborningsins var sérstaklega bent á framgöngu lögreglunnar og varaliðsins. Deildi hann m.a. á notkun tárageiss á mótmælendum við Austurvöll og á starfsemi varaliðsins. Rannsóknardómarinn var gagnrýndur fyrir að veita hlutverki varaliðsins í óeirðunum takmarkaða athygli og að umfang rannsóknarinnar hefði einungis beinst að aðgerðum mótmælenda.⁸¹

Af gögnum málsins að dæma gerði ákærvaldið engar athugasemdir við ákvörðunina um að beita tárageisi gegn mótmælendum. Það kannaði heldur ekki hvort

⁷⁹ Sjá ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr 76. Vörn Ólafs Jenssonar í máli réttvísinnar og valdstjórnarinnar.

⁸⁰ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 61. Vörn Alfons Guðmundssonar í máli réttvísinnar og valdstjórnarinnar, bls. 1.

⁸¹ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Vörn Ólafs Jenssonar í málinu réttvísinnar og valdstjórninnar gegn Ólafi Jenssyni o.fl. bls. 1.

aðgerðin hefði haft áhrif á viðbrögð mótmælenda á Austurvelli og hvort upphaf óeirðanna mætti rekja til þess. Helsta álitamálið var hvort viðeigandi viðvörun hefði verið gefin. Lögreglustjóri og varðstjóri lögreglunnar skrifuðu skýrslu um atvik málsins sem tekin var fyrir í réttinum. Þá voru sjónarvottar á Austurvelli yfirheyrðir og spurðir hvort þeir hefðu heyrt viðvörun lögreglunnar. Samkvæmt skýrslum lögregluréttar voru vitnisburðir ósamhljóða um það atriði. Eitt vitnið, sem hefði verið úti á götu, sagðist hafa heyrt viðvörunina, en flestir þeir sem tóku undir það voru í lögregluliðinu eða varaliðinu sem staðsett var beint fyrir utan Alþingishúsið.⁸² Í dómi Hæstaréttar var sérstaklega vikið að þessu álitaefni: „Því var miður farið, að ekki var skorað á mannsöfnuðinn að sundrast, áður en lögregluaðgerðirnar hófust, en þar sem lögreglumenn urðu að snúast til varnar gegn upphlaupamönnum, sem þegar höfðu hafið árásir á Alþingi og varnir þess, getur vöntun á slíkri áskorun á engan hátt gert aðgerðir lögreglunnar ólögmatar“.⁸³

Skömmu áður en málið var flutt í Hæstarétti lagði hæstaréttarlögmaður og einn verjenda fram fyrirspurn til lögreglustjóra um starfsreglur og fyrirmæli sem gefin voru varaliði lögreglunnar. Fór hann einnig fram á að nafnalisti þeirra sem voru í hópi varaliðsmanna yrði birtur í málgögnum. Loks knúði hann á um svör um réttarvernd varaliðsins og réttarstöðu þeirra í málinu.⁸⁴ Lögreglustjóri svaraði fyrirspurninni með yfirlýsingu í febrúar 1952. Þar sagði hann meðal annars að „hjálparliðið“, eins og hann orðaði það, hefði ekki fengið önnur fyrirmæli en þau að standa að baki lögreglunni henni til aðstoðar. Samkvæmt því hafði yfirlögregluþjónn umsjón með varaliðinu. Ekki tíðkaðist að skrásetja menn sérstaklega þótt þeir væru kvaddir af lögreglunni til aðstoðar samkvæmt lögreglusamþykkt. Með því neitaði hann að gefa upp lista yfir varaliðsmenn. Loks lýsti lögreglustjóri því yfir að hann taldi félagar varaliðs lögreglunnar njóta verndar 106. greinar hegningarlaga.⁸⁵

Yfirlýsingin eyddi þó ekki áleitnum spurningum um réttarstöðu varaliðsins. Til þess að verknaðarþoli njóti verndar 106. greinar hegningarlaga verður hann að vera

⁸² ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 32. lagt fram í lögreglurétti Reykjavíkur 25. 11. 1949.

⁸³ Hrd. 1952, bls. 195.

⁸⁴ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Framhaldsrannsókn í Hæstaréttarmáli nr. 62/1950. Bréf til lögreglustjóra dagsett 29. 01. 1952.

⁸⁵ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Framhaldsrannsókn í Hæstaréttarmáli nr. 62/1950. Svar lögreglustjóra til hæstaréttarlögmanns. Dagsett 01.02. 1952.

raunverulegur handhafi lögregluvalds. Ekki er nægjanlegt að verknaðarþoli eða yfirmenn hans haldi að hann hafi lögregluvald.⁸⁶ Á hinn bóginn hefur lögregla samkvæmt 20. grein lögreglulaga heimild til að fá aðstoð hvers fulltíða manns til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Þeir sem fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfinu njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn. Í 106. grein hegningarlaga segir að þeir sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við framkvæmd opinbers starfs standi jafnfætis öðrum sem verndaðir eru með ákvæðinu. Þegar 106. grein er beitt ber að túlka einstaka tilvik og skilgreiningu á verknaðarþola í hverju máli fyrir sig.⁸⁷ Af dómi Hæstaréttar og aukaréttar Reykjavíkur má ráða að þeir sem voru í varaliði lögreglunnar hafi notið réttarverndar 106. greinar hegningarlaga. Ekki hefur það þó legið í augum uppi á meðan málið fór fyrir dóm líkt og fram kemur í fyrrgreindum tilmælum verjandans til lögreglustjóra um réttarvernd varaliðsins.

Því þarf það ekki að koma á óvart að engin sátt var um aðgerðir og hlutverk lögreglu og lögreglustjóra þessa dags.⁸⁸ Samkvæmt skýrslu lögreglustjóra var tilgangur varaliðsins að veita lögreglumönnum aðstoð við að verja Alþingishúsið. Samkvæmt þeirri túlkun mátti líta svo á að það hafi einungis átt að vera lögreglunni innan handar. Hvorki aukaréttur né Hæstiréttur vék að réttarstöðu varaliðsins eða lögmæti athafna þess í dómsniðurstöðum sínum. Því er erfitt að segja til um það hvort varaliðið hafi fallið innan lagaramma 106. gr. og 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Lögskýringarbækur kveða einungis á um að meta þurfi hvert tilvik fyrir sig.⁸⁹ Ljóst er að dómstólar létu sér nægja þær upplýsingar sem komu fram í skýrslu lögreglustjóra.⁹⁰

⁸⁶ Trausti Ágúst Hermannsson, „Ákvörðun refsingar fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga”, bls. 21–22.

⁸⁷ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð* I, bls. 252.

⁸⁸ Guðmundur Jónsson og Þorsteinn Jónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 403.

⁸⁹ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð* I, bls. 252.

⁹⁰ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málskjöl. Mál nr. 62/1950. Framhaldsrannsókn í Hæstaréttarmáli nr. 62/1950. Svar lögreglustjóra til hæstaréttarlögmanns. Dagsett 01.01.52.

II. Dómar aukaréttar Reykjavíkur og Hæstaréttar Íslands

Sakfelling hinna ákærðu

Dómur aukaréttar Reykjavíkur féll 25. mars 1950. Af þeim 24 mönnum sem voru ákærðir voru tuttugu sakfelldir fyrir þátttöku í óeirðunum. Fjórir voru sýknaðir. Ekki þótti sönnunarfærsla í máli sýknuðu nægileg til að hægt væri að dæma þá á grundvelli ákærunnar.⁹¹ Þyngsta refsing aukaréttar var yfir Stefáni Ögmundssyni sem hlaut 18 mánaða fangelsi. Hann var einnig sviptur kosningarétti og rétti til kjörgengis. Stefán var sakfelldur fyrir að tilkynna í hátalara að þingmönnum Sósíalistasflokksins væri haldið föngrum í þinghúsinu og taldi dómurinn að hann hefði átt að vita að slík tilkynning myndi hafa æsandi áhrif á mannfjöldann. Hann var því sakfelldur fyrir brot gegn 100. og 107. greinum hegningarlaga. Þrír hlutu 12 mánaða fangelsi, þrír 6 mánaða fangelsi, fimm 4 mánaða fangelsi og átta 3 mánaða fangelsi. Í niðurstöðu réttarins misstu fjórir kosningarétt og kjörgengi til opinberra starfa og annarra kosninga samkvæmt ákvæðum 68. greinar laganna.⁹²

Kveðið er á um lögvarinn rétt manna til kosningaréttar og kjörgengis til opinberra starfa í 34. grein stjórnarskrárinnar. Þar segir: „Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.”⁹³ Samkvæmt 68. grein hegningarlaga má í dómi í opinberu máli svipta sekan mann heimild sem hann hefur öðlast til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna að veruleg hættu sé á því, að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Í þriðju grein segir: „Þegar brot er stórfellt, má einnig svipta mann ofangreindum rétti, ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna”.⁹⁴

Dómunum var áfrýjað til Hæstaréttar og dæmdi rétturinn í málinu 12. maí 1952. Niðurstaða Hæstaréttar var að mestu leyti reist á rannsóknum og sönnunarfærslum sem lögð voru fyrir aukarétt Reykjavíkur. Notast var við nokkur viðbótargögn sem skráð voru í sakadómsbók Reykjavíkur í apríl 1952. Um var að ræða vitnisburði

⁹¹ Sjá dóm aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950.

⁹² Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 269.

⁹³ Vef. Lagasafn Alþingis. 34. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 1944.

⁹⁴ Vef. Lagasafn Alþingis. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

ákærðu Stefáns Sigurgeirssonar og Kristófers Sturlusonar, auk þess sem bætt var við vitnisburð í vörn Magnúsar Jóels Jóhannssonar.⁹⁵

Dómur Hæstaréttar er að mestu leyti staðfesting á niðurstöðu aukaréttar Reykjavíkur. Í nokkrum tilvikum var dómur Hæstaréttar ekki samhljóða dómi aukaréttar. Til að mynda sýknaði Hæstiréttur einn ákærða sem hlaut þriggja mánaða fangelsisdóm í aukarétti. Í því máli neitaði sakborningur allri sök. Aukaréttur hafði talið samhljóða framburð tveggja lögreglumanna nægilegan til að dæma sakborninginn í þriggja mánaða fangelsi. Hæstiréttur komst að öndverðri niðurstöðu með þeim rökum að ekki hefði verið hægt að fulltreysta vitnisburði lögreglumannanna.⁹⁶ Í máli Stefáns Odds Magnússonar var niðurstaðan önnur. Stefán var ákærður fyrir að hafa haft umráð yfir bíl sem lagt var fyrir framan Alþingishúsið. Hátalari í bifreið hans var notaður af ákærða Stefáni Ögmundssyni sem ávarpaði mannfjöldann. Hæstiréttur taldi að það hefði leitt til upphotsins við þinghúsið. Stefán Oddur var sýknaður í aukarétti, en Hæstiréttur refsaði honum fyrir hlutdeild hans með sekt sem nam 2500 krónum.⁹⁷ Í öðru tilviki þar sem Hæstiréttur vék frá niðurstöðu aukaréttar var dómur þyngdur úr fimm mánaða fangelsi í sjö mánuði. Að öðru leyti var þó dómur Hæstaréttar að mestu mildari en dómur aukaréttar.⁹⁸

Í dómi Hæstaréttar voru sjö sakborningar sviptir kosningarétti og kjörgengi. Þess ber að geta að fjórir þeirra voru félagar í Sósíalístaflokknum. Hlutu þessir einstaklingar einnig þyngstu dómana af þeim sem sakfelldir voru í málinu. Stefán Ögmundsson og þrír aðrir hlutu þyngsta dóminn, eða 12 mánaða fangelsi, og sviptingu kosningaréttar og kjörgengis. Þrír voru dæmdir í 7 mánaða fangelsi, fjórir í 6 mánuði, einn 5 mánuði, þrír 4 mánuði og fimm í 3. Tveimur bar einungis að greiða sekt í ríkissjóð og einn var dæmdur til 30 daga skilorðsbundins varðhalds. Ef dómarnir eru bornir saman, þá hlutu sakborningar almennt vægari fangelsisrefsingu. Þyngsta refsingin, sem Stefán Ögmundsson fékk, fór úr 18 mánuðum í 12. Þó voru fleiri sem misstu kosningarétt og kjörgengisrétt. Í aukarétti misstu fjórir kosningarétt

⁹⁵ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur 30.04.1952. Framhaldsrannsókn í hæstaréttarmálinu nr. 62/1950.

⁹⁶ Hrd. 1952, bls. 206. Sjá einnig dóm aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 265–266.

⁹⁷ Hrd. 1952, bls. 197.

⁹⁸ Sjá Hrd. 1952, bls. 190 og dóm aukaréttar Reykjavíkur nr. 62/1950.

og kjörgengi en í Hæstarétti sjö. Dómurinn færði ekki rök fyrir þeirri ákvörðun sinni.⁹⁹

Í dómi Hæstaréttar voru sautján sakfelldir fyrir brot gegn 100. og 107. greinum hegningarlaga. Tveir voru dæmdir fyrir brot gegn 106. greininni einungis, en þeir höfðu gerst sekir um minniháttar brot. Annar þeirra henti reiðhjóli í Alþingishúsið og braut rúðu. Hann var dæmdur í 30 daga skilorðsbundið varðhald. Hinn var fundinn sekur um að hafa kastað steini í húsvegg Alþingis og var honum gert að greiða 1.500 króna sekt í ríkissjóð sem er um 150.000 krónur að núvirði. Hann var einungis 17 ára og yngstur sakborninganna.¹⁰⁰ Í hinum málunum var 107. grein laganna fremur beitt en þeirri 106. þar sem brotið var framkvæmt í óeirðum eða upphlaupi sem er skilyrði þess að hægt sé að beita 107. greininni.

Sakarefni og lögfræðileg álitamál

Í dómi Hæstaréttar og aukaréttar Reykjavíkur var dæmt fyrir brot á 100., 106. og 107. gr. almennra hegningarlaga frá árinu 1940 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Einnig var dæmt með tilvísun til 22. gr. hegningarlaga.¹⁰¹ Í greininni segir að hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, skuli sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð.¹⁰² Segir svo í dómi Hæstaréttar um hlutdeild sakborninga:

(...) Mismunandi saknæma þátttöku einstakra manna verður að meta eftir hlutdeildarreglum samkvæmt 22. gr. laga nr. 19/1940. Athafnir ákærðu, sem þeir eru saksóttir fyrir, standa allar í svo nánu sambandi við upphlaupið, að fullkomin heimild var til að sækja þá til saka í einu og sama máli.¹⁰³

Þá reyndi á 1. og 2. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá árinu 1930 og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá árinu 1948. Þau almennu lög sem komu til álita er að finna í XI. og XII. kafla hegningarlaga. XI. og XII. kaflar laganna fjalla um

⁹⁹ Hrd. 1952, bls. 208–210.

¹⁰⁰ Sama.

¹⁰¹ Sjá Hrd. 1952, bls. 190.

¹⁰² Vef. Lagasafn Alþingis. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

¹⁰³ Hrd. 1952, bls. 194.

brot gegn Alþingi og valdstjórninni. Taka skal fram að í aukarétti Reykjavíkur var einnig dæmt fyrir brot gegn XIII. kafla um brot á almannafríði og allsherjarreglu.¹⁰⁴

Í dómi Hæstaréttar segir svo um ákæruatriðin:

Með því að öryggi og starfsfríði Alþingis og þar með sjálfræði þess var hættu búin af árásinni, var þátttaka í henni, meðan alþingismenn voru saman komnir, brot gegn ákvæðum 1. mgr. 100. gr. almennra hegningarlaga nr 19/1940. Þar sem árásin var framin af mannsöfnuði í upphlaupi, varðar þátttaka í henni einnig við 107. gr. sömu laga samkvæmt löggjöfnun. Upphlaupinu var stefnt að Alþingi, en löggæzlumenn voru því til verndar. Var því árás á löggæzluliðið og einstaka lögreglumenn, meðan upphlaupið stóð yfir, árás á varnir Alþingis, er varðar við sömu hegningarlagagreinar. Tekur þetta einnig til orða og athafna, sem hvöttu menn eða æstu til árása.¹⁰⁵

Í XI. kafla hegningarlaga er að finna lög sem varða brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Þessi ákvæði mæla m.a. fyrir um vernd Alþingis og starfsemi þess. Þar er einnig að finna ákvæði um refsingu fyrir að vekja eða stýra uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnskipun ríkisins, fyrir að hafast eitthvað sem miðar að því að svipta forsetann lífi, fyrir hryðjuverk og fyrir að leitast við að aftra því, að fram fari kjör forseta, Alþingiskosningar eða bæjar- eða sveitastjórnarkosningar. XI. kafli hefur að geyma 100. gr. laganna sem meðal annars vernda starf og sjálfstæði Alþingis. Þar segir:

Hver, sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hættu búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið ævilangt fangelsi, ef sakir eru mjög miklar.

Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem á sama hátt misbrýtur við [forsetann] eða þann, sem [forsetavald] hefur á hendi, ráðuneytin, landsdóminn eða hæstarétt.¹⁰⁶

Í greinargerð að frumvarpi almennra hegningarlaga segir að markmið XI. kafla sé að vernda ríkjandi stjórnskipun, eins og hún er ákveðin í stjórnarskránni og öðrum stjórnskipunarlögum, og vernda jafnframt æðstu handhafa ríkisvaldsins. 100. greinin

¹⁰⁴ Sjá dóm aukaréttar Reykjavíkur nr. 62/1950.

¹⁰⁵ Hrd. 1952, bls. 194.

¹⁰⁶ Vef. Lagasafn Alþingis. 100. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

snýst um að tryggja vernd æðstu handhafa stjórnvaldsins og æðstu opinberra stofnana landsins, Alþingi, ráðuneyti, Landsdóm og Hæstarétt.¹⁰⁷

Brot gegn 100. greininni getur varðað allt frá einu ári að ævilöngu fangelsi. Í máli þeirra sem sakfelldir voru fyrir óeirðirnar á Austurvelli var þessu ákvæði beitt í fyrsta sinn af ákærvaldinu. Einungis hefur einu sinni verið dæmt aftur fyrir brot gegn þessari grein. Það var í hinu svokallaða „námennigamáli“ árið 2011.¹⁰⁸ Þar voru níu einstaklingar ákærðir fyrir að hafa gert tilraun ásamt 30 öðrum til að komast inn á þingpalla Alþingis í desember 2008. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu í febrúar 2011 og sýknaði öll ákærðu af ákæru fyrir brot gegn 1. málsgrein 100. greinarinnar.¹⁰⁹

Samkvæmt almennum hegningarlögum er lögð refsing við því að hindra embættismann við framkvæmd opinbers starfs.¹¹⁰ Ekki er sérstaklega afmarkað í lögnum hvað felst í hugtakinu valdstjórn, en í eldra lagamáli var átt við yfirvald eða ákærvald. Samkvæmt lagahefð felur því brot gegn valdstjórninni í sér brot gegn þeim sem fara með réttarvörslu.¹¹¹ Í þeim skilningi fellur t.d. starfsemi lögreglu, ákærvalds og dómstóla undir ákvæði laganna.

Í réttarhöldunum vegna atburðanna 30. mars 1949 reyndi sérstaklega á 106. og 107. greinar laganna. Í þeirri fyrri segir:

Hver, sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því, og eins hver sá, sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. (Beita má sektum, ef brot er smáfelld.)

Geri maður á annan hátt opinberum starfsmanni tálmanir í því að gegna skyldustörfum sínum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Jafnfætis ofangreindum starfsmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs.¹¹²

107. grein er viðbót við 106. greinina þar sem verndaðir hagsmunir og verknaður eru þeir sömu í báðum lagagreinum. Hins vegar eru sérstakar reglur í 107. grein um

¹⁰⁷ *Alþingistíðindi* 1939 A, d. 374.

¹⁰⁸ Kastljósið 20. maí 2010.

¹⁰⁹ Hérð. Rvk. 16. febrúar 2011 (S-149/2010).

¹¹⁰ *Alþingistíðindi* 1939 A, d. 375.

¹¹¹ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 469.

¹¹² Vef. Lagasafn Alþingis. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

skilyrði til gerenda sem aðgreinir skilyrði lagagreinanna. Verkið verður að hafa verið haft í frammi af mannsöfnuði, þ.e. hóp manna sem ekki hafa fyrirfram bundist samtökum um verkið. Skilyrði ákvæðisins er að um upphlaup sé að ræða eða óeirðir, en ekki skipulagða árás.¹¹³

Þó nokkuð margir dómur Hæstaréttar hafa fallið með vísan til 106. greinarinnar, enda er það ákvæði víðtækara en 107. greinin. Þegar litið er til íslenskrar réttarframkvæmdar eru fáir dómur sem fallið hafa með vísan til 107. greinar. Þær fræðibækur og rit sem skrifaðar hafa verið um brot gegn henni vísa einvörðungu til dóms Hæstaréttar árið 1952 sem er til umfjöllunar hér. Á tímabilinu 1940–2009 hafa einungis fimm dómur gengið þar sem dæmt var fyrir brot gegn 106. grein og tengd brot. Af þeim dómum var hæsta refsingin í dómi Hæstaréttar vegna óeirðanna 30. mars 1949, en hún hljóðaði upp á 12 mánaða fangelsi og sviptingu kosninga- og kjörgengisréttar.¹¹⁴ Í dómi Hæstaréttar og aukaréttar Reykjavíkur voru flestir ákærðir fyrir brot á 107. grein í stað þeirrar 106. Brot á 107. grein getur leitt til refsibýngingar þar sem brot er framið fyrir mannsöfnuði eða varðar almannahagsmuni. Á þetta reyndi í dómum aukaréttar og Hæstaréttar.

Réttarfarsleg áhrif dómanna

Fræðimenn hafa lítið fjallað um réttarfarsleg áhrif dómanna. Vekur það nokkra furðu þar sem einungis einn annar dómur hefur fallið þar sem ákært var fyrir brot gegn 100. gr. hegningarlaga. Því er þessi dómur eina fordæmið í íslenskri réttarframkvæmd fram til ársins 2011 eins og áður sagði.

Ekki er ástæða til að gera of mikið úr samanburði á dómi héraðsdóms Reykjavíkur í febrúar 2011 í „námenningsmálinu” og réttarhöldunum í kjölfar óeirðanna 30. mars 1949. Tildrög málanna og atburðirnir sem áttu sér stað voru ekki sama eðlis. Þó eru viss líkindi á milli málanna þar sem sakarefni voru að miklu leyti þau sömu. Í meistararitgerð Trausta Ágústar Hermannssonar „Ákvörðun refsingar fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga” við lagadeild Háskóla Íslands varar hann við því að að draga of víðtækar ályktanir af refsíákvörðun Hæstaréttar vegna óeirðanna 30. mars með hliðsjón af aðstæðum. Hann telur að dómur Hæstaréttar hafi

¹¹³ *Stjórnartíðindi* 1939 A, d. 375.

¹¹⁴ Trausti Ágúst Hermannsson, „Ákvörðun refsingar fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga”, bls. 75.

verið óvenju þungur, þótt hann geri þann fyrirvara að mikil hætta hafi verið á ferðum sem gæti réttlætt þyngd refsingarinnar.¹¹⁵ Aðstæður á Austurvelli þennan dag áttu sér ekkert fordæmi. Afleiðingar annarra átaka á borð við Gúttóslaginn 1932 voru mun veigaminni.

100. grein hegningarlaga er tiltölulega skýr og var það því hlutverk dómsvaldsins að meta hvort brot ákærðu vörðuðu hana.¹¹⁶ Ástæða þess að 100. greininni hafði ekki verið beitt áður var sú að ekkert atvik hafði átt sér stað frá setningu almennra hegningarlaga 1940 sem varðaði brot gegn henni. Verjendum fundust röksemdirnar fyrir að að beita greininni fráleitar, þar sem þau brot sem framin voru í óeirðunum vörðuðu ekki sjálfstæði og öryggi þingsins.¹¹⁷ Af röksemdum sem koma fyrir í dómsniðurstöðum virðist sem greinin hafi verið túlkuð nokkuð rúmt. Ekki var hægt að staðfesta að um árás á Alþingi sjálft hafi verið að ræða þótt hægt sé að túlka aðgerðir sumra sakborninga þannig. Einn þeirra fékk dóm fyrir að brjóta 100. greinina með því að kasta grjóti að Alþingishúsinu og taka virkan þátt í óeirðunum.¹¹⁸ Deila mátti um þá túlkun ef marka má alvarleika þess að brjóta gegn 100. grein, en brot gegn henni getur varðað allt að lífstíðarfangelsi.

Athugavert er að dómum Hæstaréttar var ekki fullnægt fyrir utan sviptingu kjörgengis og kosningaréttar.¹¹⁹ Ekki eru til neinar upplýsingar um það hvers vegna dómunum var ekki framfylgt. Í viðtali við Stefán Ögmundsson í tímaritinu *Rétti* árið 1988 kemur fram að honum hefði fundist það furðulegt, en hann hafi ekki fengið neinar úskýringar á því.¹²⁰ Heimildir vísa einungis til þess að bæjarráðið í Reykjavík hafi úrskurðað hina dæmdu út af kjörskrá til forsetakjörs 19. júní 1952. Það var tveimur dögum eftir að undirskriftasöfnun hófst til að veita hinum dæmdu sakaruppgjöf og uppreisn æru.¹²¹ Ekki er hægt að segja til um það hvort það átak hafi haft áhrif á ákvörðun stjórnvalda að framfylgja ekki dómunum.

¹¹⁵ Trausti Ágúst Hermannsson, „Ákvörðun refsingar fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga”, bls. 75–76.

¹¹⁶ Sigurður Línal, *Um lög og lögfræði*, bls. 225.

¹¹⁷ Sjá. ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 59. Vörn Guðmundar Jónssonar í máli réttvísinnar og valdstjórnarinnar.

¹¹⁸ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 238.

¹¹⁹ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 283.

¹²⁰ „Af vettvangi baráttunnar”, *Réttur* 1. september 1988, bls. 136.

¹²¹ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum”, bls. 141.

III. Viðbrögð við sakfellingu hinna ákærðu

Umfjöllun dagblaðanna um dóma aukaréttar Reykjavíkur og Hæstaréttar

Dagblöðin fjölluðu með mismunandi hætti um dómsúrskurð aukaréttar Reykjavíkur í mars 1950 og Hæstaréttar Íslands í maí 1952. Viðbrögðin urðu sérstaklega beinskeytt þegar niðurstaða aukaréttar Reykjavíkur var birt; niðurstaða Hæstaréttar vakti ekki eins mikla athygli. Umræðan endurspegladi viðhorf stjórnmalaflokkanna, enda voru blöðin málgögn þeirra. Eins og búast mátti við var mest fjallað um dómana í *Morgunblaðinu* og *Þjóðviljanum*, enda voru óeirðirnar á Austurvelli og réttarhöldin mikilvægur liður í kaldastríðsátökum sjálfstæðismanna og sósíalista. *Tíminn*, *Alþýðublaðið* og *Vísir* gerðu þeim einnig nokkur skil.¹²²

Eftir uppkvaðningu dóms aukaréttar Reykjavíkur var niðurstöðunni slegið upp í *Morgunblaðinu* og *Þjóðviljanum*, en á gjörólíkan hátt. Á forsíðu málgagns Sjálfstæðisflokksins, *Morgunblaðsins*, blasti við flennifyrirsögn: „Tuttugu kommúnistar dæmdir fyrir árásina á Alþingi.” Í blaðinu var farið rækilega yfir niðurstöðu réttarins, þar sem allir hinna dæmdu voru nafngreindir auk þess sem tilgreind voru sérstaklega brot þeirra og dómur.¹²³ Því var haldið fram að dómurinn hefði verið varnaðarorð réttarþjóðfélagsins til „grjótkastliðsins.” Það hefði verið vilji þjóðarinnar að dæma þá sem réðust gegn Alþingi og starfi þess. Með því væri verið að tryggja réttaröryggi á Íslandi og vernda starfsemi löggjafarsamkomunnar, löggæslumanna og þjóðarinnar frá hinu „austræna réttarfari.”¹²⁴

Þjóðviljinn brást við með þveröfugum hætti. Málgagn Sósíalistaflokksins taldi að brotið hefði verið á alþýðunni og verkamannastéttinni með niðurstöðu réttarins. Eftir dómsuppkvaðninguna gerðu sósíalistar atögu að störfum dómstólanna og ríkisstjórnarinnar. Á forsíðu *Þjóðviljans*, daginn eftir úrskurð aukaréttar, var greint frá því að „dómstóll Bjarna Benediktssonar“ hefði kveðið upp þunga dóma yfir þeim mönnum sem urðu fyrir árásum á Austurvelli.¹²⁵ Næstu vikur á eftir vísaði blaðið oftast til dómanna með þeim orðum að þeir væru „réttarhneyksli.”¹²⁶ Staðhæft var að bein tenging væri milli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að lögfesta umdeilt

¹²² Sjá t.d. *Morgunblaðið*, *Þjóðviljann*, *Tímann* og *Alþýðublaðið* frá 26. mars 1950 og 13. maí 1952.

¹²³ *Morgunblaðið*, 26. mars 1950, bls. 1–2.

¹²⁴ Sama, bls. 8.

¹²⁵ *Þjóðviljinn* 26. mars 1950, bls. 1.

¹²⁶ Sama.

gengislækkunarfrumvarp og dóma aukaréttar. Hér væri um að ræða samræmda árás gegn alþýðunni og lægri stéttum þjóðfélagsins. Þá var Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra sérstaklega gagnrýndur í umfjöllun blaðsins:

Þessir dómur eru yfirlýsing hinnar nýstofnuðu ríkisstjórnar um að áfram skuli haldið á hinni fasistísku braut Bjarna Benediktssonar. Þeim var frestað þar til stjórnarmyndun hafði tekizt og samið hafði verið um stefnuna. Það er ekki heldur nein tilviljun að þeir eru birtir rétt eftir að framkvæmd hefur verið stórvægilegasta árás á kjör íslenzkrar alþýðu sem gerð hefur verið: Annars vegar fátæktin; hins vegar réttarofsóknir og fangelsanir...¹²⁷

Dagana eftir uppkvaðningu dómsins voru listar birtir yfir þá einstaklinga sem báru vitni gegn sakborningunum. Blaðið taldi að dómarnir táknuðu kaflaskipti í „íslenskri réttarfarspólítík“. Ríkisstjórnin og efri stéttir samfélagsins voru ásökuð um að nýta vald sitt yfir réttarfars- og dómsmálum til að berjja niður þær andstöðuhreyfingar sem yrðu á vegi þeirra.¹²⁸ Þegar þessi orðræða er borin saman við skilgreiningu Kirchheimers á pólitískum réttarhöldum má finna ákveðinn samhljóm í því að stjórnvöld nýti sér vald sitt til að herja á pólitískum andstæðingum. Með því að beita slíkum aðferðum er athyglinni beint að afbrotum andstæðinganna. Þannig geta stjórnvöld náð að hylja pólitíska hagsmuni sína með því að nota viðurkenndar laga- og réttarfarsreglur.¹²⁹ Vitaskuld má deila um hversu mikil áhrif ríkisvaldið hafði á dómsvaldið, en ljóst er að aukaréttur og Hæstiréttur tóku mjög undir málflutning ákærvaldsins. Því tókst alls ekki að eyða efasemdum um málsmeðferðina með dómunum.

Málgagn Framsóknarflokksins, *Tíminn*, gerði dómi aukaréttar mun minni skil en *Morgunblaðið* og *Þjóðviljinn*. Umfjöllunin var almenn og fjallaði blaðið stuttlega um dómsniðurstöður.¹³⁰ Blaðinu var augljóslega í mun að verjast árásum á ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem þá var við völd, sem og dómsvaldið. Eins og *Morgunblaðið* beitti *Tíminn* andkommúnískum rökum máli sínu til stuðnings. Í grein 30. mars 1950 eru aðstandendur *Þjóðviljans* gagnrýndir fyrir að hafa hafnað íslenskum hugsunarhætti og þjóðskipulagsháttum fyrir rússnesk eða austræn réttarviðhorf. Íslenskt dómsvald starfaði sjálfstætt og væri óháð ríkisstjórn þar sem

¹²⁷ *Þjóðviljinn* 26. mars 1950, bls. 1.

¹²⁸ *Þjóðviljinn* 28. mars 1950, bls. 1 og 4.

¹²⁹ Kirchheimer, *Political Justice*, bls. 52.

¹³⁰ *Tíminn* 26. mars 1950, bls. 1.

Ísland væri lýðræðisríki. Þannig væri Ísland frábrugðið einræðisríkjum á borð við Rússland þar sem vestræn réttarhefð um réttláta málsmeðferð væri ekki til staðar.¹³¹

Vísir og *Alþýðublaðið* deildu einnig á viðbrögð *Þjóðviljans* og sósíalista við dómsniðurstöðunni. Í umfjöllun í *Vísi* undir fyrirsögninni „Þvílíkir píslarvottar!“ var fjallað sérstaklega um hlutverk sósíalista í óeirðunum við Austurvöll. Hér hafi verið um að ræða skipulagða árás:

Árásunum á Alþingi og einstökum þingmönnum síðar, var stjórnað af mönnum, sem til þess höfðu verið skipaðir af kommúnistum, en svo vandilega hafði árásin verið undirbúin, að henni var stjórnað með nútímatækni og skipanir gefnar í hátölurum, sem fluttir voru að vígvellinum í bifreiðum.¹³²

Í umfjöllun sinni lagði *Alþýðublaðið* mikla áherslu á að alþýðan hefði fordæmt aðför hinna dæmdu. Verkamenn og alþýðan bæru ekki ábyrgð á árásinni á Alþingi, heldur einstaka menn innan verkalýðsfélaganna og alþýðustéttarinnar. Því mætti ekki kenna alþýðufólki um það sem átti sér stað fyrir framan Alþingishúsið 30. mars. Blaðið studdi dómsniðurstöðuna og taldi mikilvægt að verja lýðræðið gegn árásum kommúnista.¹³³

Dómur Hæstaréttar fékk mun minni umfjöllun en dómur aukaréttar Reykjavíkur. Í *Morgunblaðinu* í maí 1952 má sjá litla klausu á forsíðu blaðsins um niðurstöðu réttarins. Ólíkt viðbrögðunum við dómi aukaréttar var aðeins fjallað almennum orðum um efni dóms Hæstaréttar. Tónninn breyttist þó nokkrum dögum síðar eftir að *Þjóðviljinn* hafði gagnrýnt niðurstöðuna harðlega.¹³⁴ *Þjóðviljinn* tók upp þráðinn frá því sem frá var horfið með harðri ádeilu á réttarkerfið. Dómunum var lýst sem „hnefahögg[i] framan í almenning í landinu.“ Þá var haldið fast í þá staðhæfingu að rétturinn hefði verið hliðhollur Heimdellingum og aðgerðum lögreglunnar á Austurvelli 30. mars.¹³⁵ Veittist blaðið að ákvörðun Hæstaréttar um að afneita hlutverki varaliðs lögreglunnar í óeirðunum og lögmæti þess.¹³⁶ Sem fyrr var málflutningur *Morgunblaðsins* vilhallur dómsvaldinu og stjórnvöldum. Í Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* í maí 1952 féllu eftirfarandi ummæli um dóm

¹³¹ *Tíminn* 30. mars 1950, bls. 5.

¹³² *Vísir* 27. mars 1950, bls. 4.

¹³³ *Alþýðublaðið*, 28. mars 1950.

¹³⁴ Sjá *Morgunblaðið* og *Þjóðviljann* 13. maí 1952.

¹³⁵ *Þjóðviljinn* 13. maí 1952, bls. 1.

¹³⁶ *Þjóðviljinn* 14. maí 1952, bls. 1.

Hæstaréttar: „Síðan dómarnir voru uppkveðnir, hefur Þjóðviljinn ekki linnt látum og birtir hinar fáránlegustu æsigreinar dag eftir dag um það, sem hann nefnir „réttarhneyskli“, gengur svo langt að halda því fram, að með Hæstaréttardómum þessum sé réttaröryggi landsmanna stofnað í hættu.“¹³⁷

Orðræða *Alþýðublaðsins* var á svipuðum nótum og sú sem birtist í kjölfar dóms aukaréttarins. Dómarnir voru réttlættir og því haldið fram að þeir sem bæru ábyrgð á árásinni á Alþingi mættu þruga sig sæla að búa í lýðræðislandi þar sem lög og réttur væru til staðar. Hins vegar hefðu þeir sem dæmdir voru ekki borið höfuðábyrgðina á óeirðunum, heldur aðrir sem hefðu sloppið undan refsingu.¹³⁸ Hér var augljóslega verið að vísa til forystumanna Sósíalístaflokksins. *Tíminn* fjallaði einu sinni um dóm Hæstaréttar og var það daginn eftir uppkvaðningu dómsins. Ólíkt öðrum dagblöðum virtust aðstandendur *Tímans* ekki hafa viljað taka afgerandi afstöðu til niðurstöðunnar. Reyndar má greina sömu hollustu í garð ríkisstjórnarinnar og kom fram eftir að úrskurður aukaréttar lá fyrir. En *Tíminn* lét hjá líða að fara ofan í saumana á dómi hæstaréttar.¹³⁹ Svo virðist sem Framsóknarflokkurinn hafi kosið þögnina eftir dómsniðurstöðu Hæstaréttar.¹⁴⁰

Ein ástæða þess að dómur Hæstaréttar fékk mun minna vægi en dómur aukaréttar í öðrum blöðum en *Þjóðviljanum* var að hann staðfesti meira og minna niðurstöðu réttarins. Einnig má ætla að yfirvofandi forsetakosningar hafi skyggt á málið. *Morgunblaðið* og *Tíminn* skrifuðu mun meira um það mál en úrskurð Hæstaréttar. Þá má leiða líkur að því að viðbrögðin hafi ekki verið eins hörð vegna þess að lengra var liðið síðan atburðirnir á Austurvelli áttu sér stað. Dómur aukaréttar Reykjavíkur féll um ári eftir að óeirðirnar áttu sér stað. Þrjú ár voru liðin síðan óeirðirnar áttu sér stað þegar dómur Hæstaréttar féll. Af skrifum blaðanna er ljóst að viðhorf þeirra til málsins breyttist ekki í neinum meginatriðum á þeim tíma sem leið milli dóms aukaréttar Reykjavíkur og Hæstaréttar Íslands.

¹³⁷ *Morgunblaðið* 18. maí 1952, bls. 9.

¹³⁸ *Alþýðublaðið* 14. maí 1952, bls. 4.

¹³⁹ *Tíminn* 13. maí 1952, bls. 1.

¹⁴⁰ Sjá, *Tíminn* 26. mars 1950.

Gagnrýni sósíalista á réttarkerfið

Eins og hér hefur komið fram var það rauður þráður í röksemdafærslum sósíalista, að dómur aukaréttar og Hæstarréttar hefðu verið pólitískir stéttadómur. Hér hafi verið um að ræða leið stjórnvalda til að refsa þeim sem voru andvígir aðild Íslands að NATO. Með því að ákæra og rétta yfir 24 einstaklingum hafi stjórnvöld verið að sýna fram á hverjir færu með völdin. Rithöfundurinn Jón Óskar minntist atburðanna á Austurvelli í bók sinni *Týndir Snillingar*. Fannst honum framferði íslensku stjórnarinnar fyrir og eftir 30. mars 1949 vera í ætt við harðstjórn. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar hefðu snúist í blint kommúnistahatur.¹⁴¹

Þá var ríkisstjórnin einnig ásökuð um pólitískar ofsóknir gegn verkalýðsstéttinni.¹⁴² Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún fordæmdu dómara opinberlega. Leiddi það til þess að verkalýðssamtökin boðuðu til fundar í Iðnó 30. mars 1950 um dóm aukaréttar Reykjavíkur, en markmiðið var styðja við þá sem dæmdir voru. Á fundinum var kosin sjö manna nefnd til að undirbúa og skipuleggja „réttarvernd Íslendinga.“ Niðurstaða fundarins varð sú að rannsókn málsins hefði verið hlutdræg og að um hefði verið að ræða pólitískar ofsóknir.¹⁴³ Í ræðu Stefáns Ögmundssonar á fundinum taldi hann að málsmeðferðin hefði mótast af ótta:¹⁴⁴ „Úr hópi þúsundanna sem kröfðust þjóðaratkvæðis eru tíndir 24 menn, sekt þeirra er hvorki meiri né minni en annarra, sem ráðizt var á og báru hönd fyrir höfuð sér. Það er leitað með logandi ljósi að átyllu til þess að finna sök hjá okkur, sem vorum fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar þennan dag“.¹⁴⁵

Morgunblaðið gagnrýndi afstöðu verkalýðsfélaganna harðlega á þeim forsendum að dómsvaldið hefði réttilega dæmt þessa menn seka um ofbeldi gegn valdstjórninni. Gagnrýndi blaðið herferð sósíalista gegn stjórnvöldum og réttarkerfinu. Ákvörðun sósíalista að skipa sjö manna nefnd bryti gegn réttarvernd Íslendinga þar sem það hefðu verið afbrotamenn sem köstuðu grjóti að Alþingishúsinu og lögreglu. Færi það gegn réttarfari lýðræðisríkja.¹⁴⁶

¹⁴¹ Jón Óskar, *Týndir snillingar*, bls. 162.

¹⁴² *Þjóðviljinn* 28. mars 1950.

¹⁴³ *Þjóðviljinn* 31. mars 1950, bls. 1 og 8.

¹⁴⁴ *Þjóðviljinn* 5. apríl 1950, bls. 8.

¹⁴⁵ Sama.

¹⁴⁶ *Morgunblaðið* 30. mars 1950, bls. 1.

Samkvæmt 70. grein stjórnarskrárinnar er gengið út frá því að dómstólar séu óháðir og óhlutdrægir. Með því er átt við að dómarar verði að njóta sjálfstæðis í störfum sínum og megi ekki vera háðir handhöfum löggjafar- eða framkvæmdarvalds né öðrum, svo sem einstaklingum eða einkafyrirtækjum. Samkvæmt lögum verða dómarar að vera óvilhallir og óhlutdrægir þegar þeir leggja dóm á einstök mál.¹⁴⁷

Í bókinni *30. marz* eftir Baldur Guðlaugsson og Pál Heiðar Jónsson er vísað til svara Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara um viðhorf hans til dómanna. Halldór vann að rannsókn málsins ásamt Þórði Björnssyni, sem varð síðar saksóknari ríkisins. Þeir voru báðir fulltrúar Sakadómarans í Reykjavík á þessum tíma. Halldór sagði sig ekki hafa fundið fyrir stjórnmalalegum þrýstingi við rannsókn málsins. Þegar hann var spurður að því hver skoðun hans væri á þeirri ásökun að um réttarofsóknir hafi verið að ræða sagði hann eftirfarandi: „Opinberar rannsóknir á „pólítískum” brotum svo sem brotum gegn stjórnskipan og stjórnvöldum, eru víst ævinlega nefndar réttarofsóknir af þeim sem að slíkum brotum standa og skoðanabræðrum þeirra. Er ekkert annað um ummæli þessi að segja, þau eru eins og hver önnur blaðagífuryrði.”¹⁴⁸

Þórður Björnsson taldi það engu hafa breytt þótt embætti sakadómara hafi ekki verið komið til sögunnar þegar dómur aukaréttar féll. Eins og fram hefur komið fór dómsmálaráðherra með ákærvaldið. Bjarni Benediktsson gegndi því embætti þegar rannsókn á málinu hófst og þegar dómur aukaréttar Reykjavíkur féll. Þórður var sammála Halldóri um að þeir hefðu ekki starfað undir handleiðslu stjórnvalda.¹⁴⁹ Vitanlega er ekki við öðrum svörum að búast. Hæpið hefði verið að handhafar ákæru- og dómsvalds hefðu viðurkennt að dómsvaldið starfaði undir áhrifum pólítískra afla. Ekkert bendir þó til þess að Þórður Björnsson hafi verið stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma. Í ræðu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á Alþingi 28. maí 2008 varðandi símhleranir á árunum 1949 til 1968, segir hann að Þórður hafi verið „eindreginn andstæðingur Sjálfstæðisflokksins.”¹⁵⁰ Vitað er að Þórður sat í borgarstjórn fyrir Framsóknarflokkinn og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir hann. Hann var m.a. varaformaður ungra framsóknarmanna 1938–1941 og formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur 1953–1955. Þórður hvarf af vettvangi

¹⁴⁷ Eiríkur Tómasson, „Réttarfar”, bls. 154.

¹⁴⁸ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 282.

¹⁴⁹ Sama.

¹⁵⁰ Vef. Björn Bjarnason (2008), „Símhleranir á árunum 1949 til 1968”, vefútgáfa Alþingistíðinda.

stjórnmála um leið og hann varð yfirsakadómari 1964.¹⁵¹ Ekki er unnt að fullyrða um hvort stuðningur hans við Framsóknarflokkinn hafi haft eitthvað að segja um hlutdeild hans í dómi aukaréttarins og þeim rannsóknum sem fóru fram í kjölfar óeirðanna.

Í grein Einars Olgeirssonar, formanns Sósíalístaflokksins, í *Rétti* árið 1950 deildi hann á vinnubrögð dómsvaldsins. Þar sagði hann að dómstóllinn hefði ekki verið óháður og hlutlaus. Taldi hann að leitast hefði verið að koma sök á verkalýðshreyfinguna og Sósíalístaflokkinn.¹⁵² Það væri skylda óvilhalls dómara að taka tillit til þegnanna og ekki hika við að leiða í ljós ef einstakir valdamenn brytu lög og rétt á fólkinu.¹⁵³

Einar hafði áður látið þessa skoðun í ljósi fyrir aukarétti Reykjavíkur við vitnaleiðslur í málinu gegn Stefáni Ögmundssyni:

... er það ekki óháður og hlutlaus dómstóll, sem fer með málið, þar sem leitast er við að koma sökum á hendur Verkalýðshreyfingunni, er hinsvegar reynt að dylja sekt þeirra, sem með atburðum þann dag voru að stofna til “provokationa”, sem nota átti sem átyllu til ofsókna gegn verkalýðshreyfingunni og Sósíalístaflokknum. Og á meðan [hafa] þeir sem þarna eru sekir að mínu álit, lögreglustjórinn, ráðherrarnir og formenn stjórnarflokkanna og það lið, sem þeir hafa vopnað, ekki verið teknir til yfirheyrzlu fyrir framferði sitt.¹⁵⁴

Bjarni Benediktsson svaraði ásökunum sósíalísta um meintar réttarofsóknir í ódagsettri ræðu sem fyrirfinnst í einkaskjalasafni hans:

Kommúnistar prédika það, að málssóknin á mennina frá 30. marz 1949 sé persónuleg ofsókn af minni hálfu. Auðvitað er ég ekki óskeikull frekar en aðrir og sannarlega kem ég svo mikið við sögu þessara atburða, að ég get ekki verið dómari um sekt manna þessara eða sýknun. Það var að vísu embættisskylda mín að höfða mál gegn mönnunum frá 30. marz 1949. Ella hefði ég sjálfur unnið til refsingar. En aðrir dæma í því máli. Ég kem þar hvergi nærri. Úrslitadómurinn er hjá Hæstarétti.¹⁵⁵

¹⁵¹ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 228–229.

¹⁵² Einar Olgeirsson, „Ákæra á „réttvísina” út af 30. marz 1949”, bls. 241.

¹⁵³ Sama, bls. 244.

¹⁵⁴ Þ.Í. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Skýrsla nr. 35 lögð fyrir lögreglurétt Reykjavíkur 25. nóvember 1949, nr. IV. bls. 40-41.

¹⁵⁵ Skjöl Bjarna Benediktssonar. Askja 4-1, ör 3. Ræða um öryggismálin: kommúnista, Alþýðuflokkinn og Framsókn, ódagsett.

Ein höfuðröksemd sósíalista fyrir því að dómarnir hafi ekki verið óháðir og hlutlausir var sú að einungis þeir menn sem tilheyrðu Sósíalistaflokknum og öðrum samtökum sem mótmæltu aðild Íslands að NATO voru teknir til yfirheyrslu eftir óeirðirnar 30. mars. Ef rétt hefði verið staðið að málum hefði átt að láta það sama ganga yfir liðsmenn varaliðs lögreglunnar. Þá var einnig gagnrýnt hvernig staðið var að rannsókn málsins og hverjar áherslur ákærvaldsins voru við vitnaleiðslurnar. Í *Þjóðviljanum* og *Þjóðvörn* var vakin athygli á því að vitnin voru flest eða öll úr hópi varaliðsmanna sem stóðu vörð um Alþingishúsið.

Þeir sem fengnir voru í varalið lögreglunnar voru félagar í pólitískum félögum og ungliðahreyfingum stjórnmalaflokkanna, einkum Heimdalli.¹⁵⁶ Talið er að um 927 einstaklingar hafi verið á skrá úr öllum deildum Sjálfstæðisflokksins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins.¹⁵⁷ Margir þeirra voru leiddir fyrir rétt til vitnisburðar gegn sakborningum. Þetta atriði var tekið fyrir í málsvörn Jóns Múla Árnasonar og Stefnis Ólafssonar. Lögmaður Jóns Múla gagnrýndi að ekki hefði verið grennslast fyrir um pólitískar skoðanir vitnanna. Taldi hann það hlutdrægni af hálfu rannsóknardómarans að gera það ekki. Færði hann rök fyrir því að vitnin væru í alla staði vilhöll ákærvaldinu og væri vitnisburður þeirra þar með ómarktækur: „Ef rannsóknardómarinn hefði kynnt sér pólitísku viðhorf vitnanna og í hvaða pólitískum félagsskap þau eru þá hefði hann komist að raun um að þau eru bæði úr þeim hópi ungra manna sem gleypir „kommúnista“ áróður Morgunblaðsins og forystumanna Sjálfstæðisflokksins ómelta og hafa því algjörlega brenglaða dómgreind um öll þau atvik er þau telja eitthvað snerta sósíalista eða „kommúnista“ eins og þessi áróðursgögn kalla það”.¹⁵⁸

Lögregluþjónar og varaliðsmenn voru lykilvitni í málflutningi ákærvaldsins. Gögn málsins vísa til þess að rætt var við fjölda þeirra varaliðsmanna sem staðsettir voru fyrir framan Alþingishúsið. Þær upplýsingar eru aðgengilegar í málsgögnum aukaréttar Reykjavíkur og koma fyrir í rannsóknarskýrslum réttarins. Að auki var tekinn fjöldi skýrslna af þeim sem stóðu vörð við Alþingishúsið.¹⁵⁹ Einnig var tekinn vitnisburður þeirra sem tóku þátt í mótmælunum á Austurvelli. Þrátt fyrir það héldu

¹⁵⁶ Sjá *Þjóðviljann* 30. mars 1950 og *Þjóðvörn* 4. apríl 1950.

¹⁵⁷ *Vef.* „Ásgeir Pétursson fyrrv. sýslumaður”, *Skessuhorn*.

¹⁵⁸ *ÞÍ.* Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Vörn fyrir Jón Múla Árnason í málinu réttvísín og valdstjórnin gegn Jóni Múla Árnasyni, bls. 3.

¹⁵⁹ Sjá. *ÞÍ.* Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Endurrit úr lögregluþingbók Reykjavíkur XXIX, bls. 1–9.

sósíalistar því fram að einungis hefði verið tekið mark á vitnisburði þeirra liðsmanna sem voru í röðum „hvítliða“. Hér verða tilfærð nokkur dæmi úr málgögnum réttarins því til frekari athugunar. Dæmi eru um að einungis hafi verið leitað til vitnisburðar lögregluþjóna og varaliðsmanna við rannsókn einstakra mála. Slíkt átti sér stað í tilviki Magnúsar Hákonarsonar, sem var m.a. ákærður fyrir að hafa kastað grjóti og mold að Alþingishúsinu. Þeir sem báru vitni voru Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn, Hjörtur Eliasson lögregluþjónn og Stefán Pétursson félagi í „hjálparsveit“ lögreglunnar. Allir vitnisburðir þeirra voru óskýrir og sögðust þeir ekki hafa séð Magnús kasta grjóti, en töldu hann hafa haft æsingar í huga.¹⁶⁰ Í dómi Hæstaréttar var ekki talið sannað að hann hefði kastað grjótinu. Hins vegar gerði annað athæfi hans hann sekan um að hafa gerst þátttakandi í upphlaupinu sem var brot gegn 100. grein hegningarlaga. Hann fékk sex mánaða fangelsisdóm.¹⁶¹

Mál Magnúsar Hákonarsonar er áhugavert þar sem hann varð fyrir skoti úr gasbyssu á Austurvelli skammt frá Landsímahúsinu. Samkvæmt vitnisburði lögregluþjóns sem stóð rétt hjá sá hann Magnús hlaupa í átt að gassprengju sem lá á Austurvelli. Samkvæmt vitnisburði hans leit út eins og hann hefði ætlað að kasta henni frá sér. Í kjölfar þess hefði Þorkell Steinsson lögregluþjónn skotið úr gasbyssu í átt til ákærða.¹⁶² Samkvæmt vitnisburði Sigrúnar Laxdal sem stödd var á annari hæð Landsímahússins sá hún til lögregluþjónsins hlaupa að Magnúsi og skjóta til hans úr 1–2 metra fjarlægð. Annað vitni, sem einnig var staðsett í Landsímahúsinu, staðfesti að hafa séð lögregluþjón ganga rösklega að Magnúsi og hleypa af skoti einungis tveimur metrum frá honum. Vitnunum bar saman um að Magnús hefði ekki verið æstur eða gert sig líklegan til að beita ofbeldi. Eitt vitnið, Sigurgeir Sigurðsson, fulltrúi hjá Ríkisútvarpinu, sagðist hafa séð lögregluþjóninn skjóta að Magnúsi og hafi ekki verið minna en sjö metrar á milli þeirra. Skotið lenti á vanga Magnúsar, en hann skall í götuna við höggið. Var hann færður í lögregluhald eftir þetta.¹⁶³

Samkvæmt þessum sönnunarfærslum mætti líta svo á að rannsaka hefði þurft athæfi lögregluþjónsins betur. Ekkert bendir til þess að hann hafi sérstaklega verið

¹⁶⁰ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Rannsóknarskýrsla nr. 34 lagt. Mappa XX, bls. 26–28.

¹⁶¹ Hrd. 1952, bls. 198–199.

¹⁶² Sama, bls. 243.

¹⁶³ ÞÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Skýrsla rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, nr. XXI. Lögð fyrir í lögregluhétti Reykjavíkur 16/5/49, bls. 1–11.

færður til yfirheyrslu eða að hann hafi hlotið áminningu fyrir að hafa skotið að manningum. Það sama á við um önnur tilvik þar sem greint var frá athæfi lögreglumanna á Austurvelli. Sumir urðu fyrir kylfuhöggum og er greint frá því í vitnaleiðslunum, en hvorki rétturinn né rannsóknarlögreglan brugðust við þeim vitnisburðum.¹⁶⁴

Taka skal fram að Hæstiréttur leitaði frekari upplýsinga fyrir dómsuppkvaðninguna í málinu. Áttu sér stað frekari rannsóknir og vitnaleiðslur á þeim atriðum sem þóttu óljós í rannsókn sakadómsins. Málsgögn Hæstaréttar gefa í skyn að athugasemdir verjenda hefði verið teknar til greina. Dæmi um það er gagnrýni verjanda Guðmundar Jónssonar þar sem vitni staðfesti ekki skýrslu sína fyrir dómi. Einnig var vísað til vitnisburðar ónafngreinds lögregluþjóns. Hæstiréttur fór fram á að þessi atriði yrðu rannsökuð frekar.¹⁶⁵ Þótt Hæstiréttur hafi lagt meiri kröfur til sönnunarbyrðar í dómsúrskurði sínum reyndi hann aldrei að kanna sérstaklega hvert hlutverk varaliðsins var eða hvort framtak þess hefði haft áhrif á viðbrögð almennings. Þetta atriði er athugasvert, enda ýtti það undir gagnrýni á að stjórnmalárok en ekki lagarök hafi ráðið þar ferðinni.

„Lýðræðissinnar gegn byltingarmönnum” – viðhorf sjálfstæðismanna

Yfirvöld héldu því fram að veruleg ógn hefði stafað af aðgerðum sósíalista 30. mars. Þegar litið er til viðbragðsáætlunar lögreglunnar í Reykjavík í kjölfar óeirðanna er ljóst að stjórnvöld bjuggust við átökum á Austurvelli. Sú ákvörðun að skipa sérstaka sveit til aðstoðar við lögregluna staðfestir það. Vegna þeirrar andstöðu sem vakin hafði verið í Reykjavík vegna aðildar Íslands að NATO var allt tiltækt lögreglulið í bænum kallað saman til að halda uppi lögum og reglu fyrir utan Alþingishúsið.¹⁶⁶ Í grein sem, Leifur Sveinsson, varaliðsmaður, skrifaði í *Morgunblaðið* árið 1997, viku hann að störfum þeirra varalögreglumanna sem tóku þátt í því að verja Alþingi. Þar kemur fram að telja megi að um þúsund manns hafi verið í varaliði lögreglunnar

¹⁶⁴ Sjá *ÞÍ*. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Skýrslur rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík.

¹⁶⁵ *ÞÍ*. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur nr. XXI. Lagt fyrir í Hæstarétti 21/04/52, bls. 4.

¹⁶⁶ *ÞÍ*. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Kærubók Nr. I. lagt fram í lögreglurétti Reykjavíkur 04.04.49. Skýrsla Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns.

þennan dag. Úr þeim hópi voru 50 menn skipaðir sérstakir varalögreglumenn sem var úthlutað hjálmum og kylfum. Báru þeir borða um handlegg í fánalitunum.¹⁶⁷ Þetta sérlið var staðsett í flokksherbergi Framsóknarflokksins á meðan á þingfundi stóð. Hlutverk þess var fyrst og fremst að vera lögreglumönnum til halds og trausts. Hinir áttu einungis að standa vörð um þinghúsið og gæta þess að mótmælendur kæmust ekki inn.¹⁶⁸

Í minningum sínum greindi Stefán Jóhann Stefánsson frá starfsemi varaliðs lögreglunnar og sagði það ekki hafa verið að ástæðulausu að til þeirra aðgerða hefði verið gripið. „Mannfjöldinn fyrir utan þinghúsið var geysimikill, og þegar leið á umræður, tók hann að ókyrrast og æpa. Var vígorðið þá einkum krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu”.¹⁶⁹ Jón Pálmason, forseti sameinaðs Alþingis skrifaði umsögn um afgreiðslu þingsályktunarinnar 29. og 30. mars og lagði hana fyrir aukarétt. Þar greindi hann frá þeim átökum sem áttu sér stað á milli stjórnmálaflokkanna um aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Þar nefndi hann að andstæðingar málsins hefðu litið á aðild Íslands að NATO sem landráð. Þá minnst hann þess að sósíalistar hefðu hóttað því að hindra afgreiðslu málsins á síðum *Þjóðviljans* og *Þjóðvarnar*. Orð hans benda til þess að þingmenn og starfsmenn Alþingis hafi talið að veruleg hætta hafi stafað af sósíalístum og félagsmönnum verkalýðsfélaganna.¹⁷⁰

Í bókinni *30. marz* eru birtar tilvitnanir í viðtöl sem tekin voru við þingmenn sem voru viðstaddir þinghald þegar óeirðirnar áttu sér stað. Þar kemur fram að skiptar skoðanir voru á því hversu alvarlegt þeir töldu ástandið hafa verið. Þingmennirnir Stefán Jóhann Stefánsson og Eysteinn Jónsson höfðu átt von á því að reynt yrði að ráðast inn í Alþingishúsið. Eysteinn hélt því fram að ef það hefði ekki verið fyrir varalið lögreglunnar, hefðu mótmælendur komist inn í Alþingishúsið.¹⁷¹

Samkvæmt lýsingum þeirra varaliðsmanna sem staðsettir voru á Austurvelli þennan dag virðist sem menn hafi undirbúið sig fyrir árás. Barði Friðriksson, hæstaréttarlögmaður, var einn þeirra sem stóð vörð við Alþingishúsið umræddan dag. Hann hélt því fram að menn hafi verið vissir um að sósíalistar ætluðu sér að gera

¹⁶⁷ Leifur Sveinsson, „Valur Ingimundarson og 30. mars 1949”, bls. 30.

¹⁶⁸ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 157.

¹⁶⁹ *Stefán Jóhann Stefánsson*, Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar, bls. 55.

¹⁷⁰ *ÞÍ*. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Endurrit úr lögregluhandbók Reykjavíkur. Umsögn Jóns Pálmasonar forseta sameinaðs Alþingis um afgreiðslu þingsályktunarinnar um Norður-Atlantshafssamninginn, bls. 6–7

¹⁷¹ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 200–201.

aðsúg að þinginu og þingmönnum. Annar varaliðsmaður, Ásgeir Pétursson, tók í sama streng og komst svo að orði að verulegur ótti hefði verið um að mótmælin gætu magnast upp í einhvers konar byltingarástand eða jafnvel valdarán.¹⁷²

Leifur Sveinsson hélt því beinlínis fram að atlagan að Alþingishúsinu 30. mars hefði verið tilraun til kommúnískrar byltingar:

Árásin á Alþingishúsið 30. mars 1949 var tilraun til byltingar. Hindra átti alþingismenn í störfum. Það var háð orusta á Austurvelli, lýðræðissinnar gegn byltingarmönnum. Varið land eða sovét-Ísland. Úrslit fengust ekki í þessari orustu, fyrr en varalögreglumennirnir voru sendir út úr Alþingishúsinu. Því var það rétt ákvörðun hjá yfirmönnum lögreglunnar að senda liðið út. Kommúnistar sáu þá, að aldrei myndi takast að yfirbuga Alþingi, ávallt yrði nógu margir menn til þess að hætta lífi sínu til varnar því. Þeir hafa ekki reynt ofbeldið við Alþingi síðan.¹⁷³

Ólíklegt er að allir varaliðsmenn hafi tekið undir þetta sjónarmið, en flestir þeirra, eins og t.d. Sigurður Línadal, sem síðar varð lagaprófessor, töldu þó að atlagan að þinghúsinu hefði verið skipulögð.¹⁷⁴ Ásgeir Pétursson, sem síðar varð sýslumaður og bæjarfógeti, var einn af helstu foringjum ungliðahreyfingar Sjálfstæðisflokksins árið 1949. Taldi hann lögreglustjóran hafa sinnt störfum sínum með „aðgát og stillingu“ og að lögreglan hefði sýnt „einurð og kjark“ í átökunum.¹⁷⁵ Ásgeir stóð í þungamiðju þeirra atburða sem áttu sér stað innan og utan Alþingishússins þennan umrædda dag. Í viðtali við *Skessuhorn* árið 2012 orðaði hann það svo: „Árið 1949 var verið að hrinda árás á þinghúsið. Þeir (sósíalistar) ætluðu inn í húsið og stöðva þinghaldið. Þeirra markmið var að koma með ofbeldi í veg fyrir að yfirgnæfandi meirihluti þingmanna úr þremur flokkum tæki þá ákvörðun að Ísland gengi í NATO.“¹⁷⁶

Ekki voru þó allir varaliðsmenn sáttir við aðfarir lögreglunnar og varaliðsins þennan dag. Einn þeirra sem staðsettur var á Austurvelli, Jón Böðvarson, lýsir reynslu sinni í viðtali sem tekið var við hann í tímaritinu *Rétti* árið 1988. Jón var í hópi þeirra

¹⁷² Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 199.

¹⁷³ *Morgunblaðið* 28. maí 1997, bls. 30.

¹⁷⁴ Vef. Sigurður Línadal, „Hlaðvarp: Andófið gegn Atlantshafsbandalaginu 30. marz“, *Sagnfræðingafélag Íslands*.

¹⁷⁵ Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Jónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 403.

¹⁷⁶ Vef. „Ásgeir Pétursson fyrrv. sýslumaður“, *Skessuhorn*.

„hvítliða“ sem stóðu við Alþingishúsveginn, en ekki í því „úrvalsliði“ sem vopnað var kylfum. Minnst hann þess þegar vopnað lið Heimdellinga réðst að mótmælendum með kylfur á lofti. Sá hann til eins varaliðsmannanna slá til aldraðs manns og blöskruðu honum vinnubrögð lögreglu þennan dag. Tveimur árum síðar gekk Jón í Félag hernámsandstæðinga.¹⁷⁷ Jón var þó frekar undantekningin sem sannaði regluna. Þótt varaliðsmenn hafi minnst atburðanna 30. maí á ólíkan hátt voru flestir þeirrar skoðunar að aðgerðir lögreglu hefðu átt rétt á sér, enda hefði starfsemi Alþingis verið stefnt í voða.

Af þessum umsögnum að dæma er víst að margir sjálfstæðismenn og fylgismenn ríkisstjórnar þeirra og framsóknarmanna og Alþýðuflokksmanna óttuðust aðgerðir sósíalista. Viðbrögð þeirra sýna að þeir hafi talið fulla ástæðu til að efla varnir Alþingishússins. Ekki eru þó allir sammála því hversu mikil ógn stafaði af kommúnistum. Í *30. marz* spurðust höfundar fyrir hjá þingmönnum hvort þeir hafi verið hræddir við yfirvofandi kommúnistastjórn. Flestir þeirra sem talað var við sögðust ekki hafa verið hræddir við valdarán kommúnista á Íslandi. Ekki voru þó allir samþykkir því mati. Stefán Jóhann Stefánsson, forsætisráðherra, var t.d. ekki í minnsta vafa um að sósíalistar ætluðu sér að ná völdum.¹⁷⁸ Stefán hélt því fram að atburðirnir 30. mars hafi falið í sér „óstjórnlegar fjöldasefjanir“ sem leitt hefðu til ódæðisverka gegn Alþingi og lögregluliði. Á bak við uppþotin hefðu verið einstaklingar sem æst höfðu til ofbeldisverka. Þeir hefðu svo sloppið undan refsingum á meðan þeir sem unnu hermdarverkin fengu sökina á sig.¹⁷⁹

Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors upplifðu atburðina 30. mars 1949 sem árás á Alþingi. Það endurspeglast í ræðu Bjarna við undirskrift inngöngu Íslands að Atlantshafsbandalaginu þar sem hann minntist á óeirðirnar: „Þegar samningur þessi var ræddur á Alþingi Íslendinga reyndu þessi öfl [kommúnistar] með valdi að hindra hina fornhelgu stofnun í starfi sínu. Slíkt ofbeldi hefir aldrei fyrr verið reynt gegn hinu þúsund ára gamla Alþingi Íslendinga.“¹⁸⁰

Í bók Guðna Th. Jóhannessonar, *Óvinum ríkisins*, er því haldið fram að ráðamenn beggja megin víglínunnar hafi misst tök á rás atburðanna 30. mars. Færa

¹⁷⁷ „Af vettvangi baráttunnar”, bls. 125–126.

¹⁷⁸ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls.120–123.

¹⁷⁹ Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar*, bls. 59.

¹⁸⁰ Skjöl Bjarna Benediktssonar. Ræða við aðild að Atlantshafsbandalaginu, 4. apríl 1949.

má rök fyrir því að báðar hliðar hafi haft nokkuð til síns máls. Viðbrögð ríkisstjórnar og lögregluvalds virðast hafa verið harkaleg þótt ekki verði dregið í efa að þeir sem tóku þátt í óeirðunum hafi valdið nokkru tjóni, bæði á lögreglumönnum og á Alþingishúsinu. Guðni veltir vöngum yfir því hvort valdhafar hafi ekki gengið of langt í aðgerðum sínum gagnvart sósíalistum. Hann spyr hvort óeirðirnar þann dag hafi ekki verið algert einsdæmi og hvort nauðsynlegt hafi verið að setja á laggirnar öryggisþjónustu lögreglunnar í Reykjavík og stofna heimavarnarlið. Þá varpar Guðni fram spurningunni: „Var öryggi landsins í slíkum voða?“¹⁸¹

Í bók sinni *Sovét-Ísland* telur Þór Whitehead að um skipulagða árás hafi verið að ræða. Notuð hafi verið sama aðferð og tíðkaðist hjá foringjum kommúnista í Evrópu með því að nota lið sitt til að hrinda af stað atburðarás sem leiða átti til átaka og ofbeldis. Segir hann svo um atburðina 30. mars: „Átök, sem þannig mögnuðust stig af stigi í hita leiksins, voru miklu líklegri til að virkja fjöldann í þágu flokksins heldur en þaulskipulagðar aðgerðir fámenns hóps manna.“¹⁸² Þór heldur því fram að þar hafi Stefán Ögmundsson gegnt því hlutverki að æsa mannfjöldann til að hrinda af stað ofstækisfullum aðgerðum.

Þótt Guðni taki ekki eins afdráttarlausa afstöðu telur hann að ótrúlegt megi virðast að atburðirnir hafi ekki verið skipulagðir á einhvern hátt af sósíalistum, einkum tiltæki Stefáns Ögmundssonar.¹⁸³ Þess má geta að Stefán hafði áður gripið til hátalara á mótmælafundi. Það var við Sjálfstæðishúsið á Austurvelli 1946. Þar urðu veruleg átök í kjölfar Keflavíkursamningsins, en þá hélt hópur fólks af fundi Sósíalista við Miðbæjarbarnaskólann niður á Austurvöll til að mótmæla. Í hita leiksins kallaði Stefán yfir mótmælendur í hátalara þar sem hann lýsti því yfir að ASÍ og fulltrúaráð verkalýðsfélaganna hefðu boðað til allsherjarverkfalls til að mótmæla herstöðvasamningnum. Þór bendir á hliðstæðu atburðanna 1946 og óeirðanna 1949.¹⁸⁴

Engar endanlegar niðurstöður hafa fengist um það hvort um hafi verið að ræða skipulagða árás. Frásagnir þeirra sem voru á Austurvelli benda til þess að grjótkast og annað ofbeldi í kjölfar óeirðanna hafi ekki verið skipulagt. Sá möguleiki er fyrir hendi að uppátæki Stefáns hafi verið fyrirfram skipulagt, en ekki er hægt að sannreyna það. Ef öll atriði málsins eru tekin til greina virðist þó sem flest atvik sem áttu sér stað á

¹⁸¹ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 98.

¹⁸² Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 416.

¹⁸³ Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins*, bls. 97.

¹⁸⁴ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 414–416.

Austurvelli hafi þróast í hita leiksins. Þetta er viðurkennt í dómi Hæstaréttar árið 1952, þar sem því er haldið fram að árásin hafi ekki verið skipulögð, þótt samtök hafi verið að verki.¹⁸⁵ Ef þessir atburðir voru skipulagðir, þá má gera ráð fyrir því að aðeins örfáir félagar Sósíalistasflokksins hafi vitað af því.¹⁸⁶ Hins vegar hefur ekkert komið fram sem staðfestir það.

IV. Málalok: Aðdragandi og framkvæmd almennrar uppgjafar saka eftir dóm Hæstaréttar

Undirskriftasöfnun til stuðnings þeirra dæmdu – aðdragandi og orðræða

Hinn 17. júní 1952 birtist tilkynning á forsíðu *Þjóðviljans* um að undirskriftasöfnun væri hafin til að skora á forseta Íslands að veita þeim sem dæmdir voru í hæstarétti fyrir þátttöku í óeirðunum á Austurvelli 30. mars 1949, almenna sakaruppgjöf og full mannréttindi. Undirskriftasöfnuninni átti að ljúka mánuði síðar eða 15. júlí. Þótt upphafsmenn hennar hefðu lagt áherslu á að hér væri um þverpólítíska hreyfingu að ræða voru sósíalistar og þjóðvarnarmenn þar í meirihluta. Eins og það var orðað í *Rétti*: Þeir sem tóku þátt í undirskriftasöfnuninni voru „ungir sem eldri, karlar og konur, fólk úr öllum flokkum og flestum stéttum, aðallega þó meðlimir og kjósendur Sósíalistasflokksins og meðlimir Æskulýðshreyfingarinnar.”¹⁸⁷

Málið átti sér skamman aðdraganda. Aðeins nokkrum dögum áður en áskorunin var birt opinberlega hafði verið efnt til fundar um málið þar sem ákveðið var að skipa forstöðunefnd til að gangast fyrir undirskriftasöfnuninni. Formaður nefndarinnar var Guðmundur Thoroddsen prófessor við Háskóla Íslands. Auk hans sátu þar Páll Zóphoniásson, búnaðarmálastjóri, Sigurður Þórðarsson, fyrrv. alþingismaður, Þórbergur Þórðarsson, rithöfundur, Guðgeir Jónsson, bókbindari, Björn Bjarnason, formaður Iðju, Gunnar M. Magnúss, rithöfundur, Þórarinn Guðnason, læknir, Gunnar Cortes, læknir, Þorsteinn Björnsson, Fríkirkjuprestur, Sigurður Þórarinnsson, jarðfræðingur, Björn Sigurðsson, læknir, Kristinn E. Andrésson, rithöfundur, Halldór Kiljan Laxness, rithöfundur, Ingi R. Helgason,

¹⁸⁵ Hrd, 1952, bls. 190.

¹⁸⁶ *Viðtal*. Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri *Þjóðviljans*. 25. nóvember 2016.

¹⁸⁷ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum”, bls. 142.

bæjarfulltrúi, Bergur Sigurbjörnsson, viðskiptafræðingur, Þorvaldur Þórarinnsson, lögfræðingur, Aðalbjörg Sigurðardóttir, frú, Stefán Jónsson, fréttamaður, Haukur Þorleifsson, aðalbókari, Guðmundur Einarsson, fiskifræðingur, Emil Björnsson, prestur, Baldvin Jónsson, lögfræðingur, Sigurður Guðnason, formaður Dagsbrúnar, Katrín Thoroddsen, læknir og Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Í.S.Í.¹⁸⁸

Flestir nefndarmenn voru í Sósíalístafloknum og verkalýðsfélögum eða þjóðvarnarmenn og virkir í baráttunni gegn NATO-aðildinni. Á meðal þeirra var Páll Zóphoníasson, þingmaður Framsóknarflokksins, en hann kaus gegn aðild Íslands í NATO. Á meðal nefndarmanna í þjóðvörn voru einstaklingar sem voru áberandi í umræðum gegn Keflavíkursamningnum 1946.¹⁸⁹ Í hópi þeirra voru m.a. Halldór Kiljan Laxness, sem var einnig um tíma í Sósíalístafloknum, og Aðalbjörg Sigurðardóttir sem var áberandi í baráttu kvenna.¹⁹⁰ Aðrar baráttukonur sátu í nefndinni, þ.á.m. Katrín Thoroddsen læknir og alþingismaður, en hún var félagi Sósíalístaflokksins og þjóðvarnar. Bróðir hennar var Guðmundur Thoroddsen prófessor í læknadeild Háskóla Íslands og formaður nefndarinnar. Hann var rektor Háskóla Íslands árin 1926–1927 og 1935–1936. Faðir Guðmundar og Katrínar var Skúli Thoroddsen, sýslumaður og stjórnmalamaður sem var einn af foringjum sjálfstæðisbaráttunnar.¹⁹¹ Þarna sátu einnig prestar og læknar sem bendir til þess stuðningur við framtakið hafi náð út fyrir raðir róttækra vinstri manna.

Tilkynningin um áskorunina var lögð fram í nafni nefndarinnar og lesin í Ríkisútvarpinu um miðjan júní. Þar var auk þess tekið fram að verjendur hinna „dómfelldu manna... [mundu] að sjálfsögðu annast um beiðnina fyrir hönd skjólstæðinga sinna“.¹⁹² Undirskriftalistunum var dreift um land allt, ekki síst þar sem sósíalistar voru áhrifamiklir, eins og í verslunum KRON, bókabúð Máls og menningar og á skrifstofu Dagsbrúnar og Iðju.¹⁹³ *Þjóðviljinn* sá um skipulagningu söfnunarinnar og stóð að baki allri dreifingu undirskriftalistanna. 28–menningarnir, sem stóðu að baki undirskriftasöfnuninni kusu þá Berg Sigurbjörnsson, Björn Bjarnason og Þorvald

¹⁸⁸ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum“, bls. 142.

¹⁸⁹ Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*, bls. 223.

¹⁹⁰ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland*, bls. 412.

¹⁹¹ Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 12–14.

¹⁹² Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum“, bls. 139–140.

¹⁹³ *Þjóðviljinn* 17. júní 1952, bls. 1.

Þórarinnsson í sérstaka framkvæmdanefnd. Þessi nefnd átti að sjá um dreifingu söfnunarlista og umsjón með undirskriftasöfnuninni.¹⁹⁴ Hins vegar bar Þorvaldur þunga starfsins og sá að mestu leyti til þess að tillögunni um sakaruppgjöf væri fylgt eftir.¹⁹⁵

Eftir að tilkynning nefndarinnar hafði birst afhenti biskup Íslands, Sigurgeir Sigurðsson, ásamt öllum þjóðkirkjuprestum í Reykjavík og guðfræðiprófessorum í Háskóla Íslands, ríkisstjórninni ósk um að forseti Íslands veitti þeim dæmdu sakaruppgjöf. Samkvæmt *Rétti* vildi Sigurgeir þó ekki heimila Ríkisútvarpinu að fjalla um framtak kirkjunnar.¹⁹⁶ Biskup tjáði sig aldrei opinberlega um það. Nokkrir prestar voru í framkvæmdanefndinni fyrir undirskriftalistana, en engar frekari upplýsingar um hvers vegna prestar létu málið svona mikið til sín taka koma fyrir í heimildum. Vera má að mannúðarsjónarmið hafi vegið þar þyngst.

Meðan á undirskriftasöfnuninni stóð lagði *Þjóðviljinn* hart að landsmönnum að skrifa undir listana. Hin blöðin svöruðu henni hins vegar með þögninni og minntust ekki einu orði á hana, enda var greinilegt að þeir töldu að hér væri um pólitíska herferð sósíalista að ræða. Í kjölfarið birti *Þjóðviljinn* reglulega undirskriftatölur frá kaupstöðum, kauptúnum, sýslum og hreppum um allt land.¹⁹⁷ Upphaflega átti undirskriftasöfnunin að standa yfir til mánaðarmótanna júní–júlí, en þegar listar héldu áfram að berast fram yfir frestinn var hann framlengdur til 10. júlí. Hinn 6. júlí greindi *Þjóðviljinn* frá því að um það bil 15 þúsund manns hefðu skrifað undir, þar af um sjö þúsund í Reykjavík. *Þjóðviljinn* birti slíkar tölur frá degi til dags á meðan á söfnuninni stóð.¹⁹⁸ Nokkrum dögum síðar lýsti forstöðunefndin yfir því að að listunum yrði að skila í síðasta lagi 15. júlí, en nafnalistar héldu áfram að berast allan júlímánuð.¹⁹⁹

Í lok júlí kaus forstöðunefndin fimm manna undirnefnd til þess að afhenda forseta Íslands undirskriftalistana. Þau Guðmundur Thoroddsen, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Guðrún Sveinsdóttir, Björn Sigurðsson og Þorvaldur Þórarinnsson

¹⁹⁴ *Þjóðviljinn* 19. júní 1952, bls. 1.

¹⁹⁵ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 284.

¹⁹⁶ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum”, bls. 140.

¹⁹⁷ *Þjóðviljinn* 19. júní 1952, bls. 1.

¹⁹⁸ *Þjóðviljinn* 6. júlí 1952, bls. 1.

¹⁹⁹ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum”, bls. 142.

skipuðu nefndina. Páll Zóphóníasson alþingismaður tók sæti Guðmundar Thoroddsen tímabundið vegna forfalla hins síðarnefnda. Um miðjan ágúst gekk nefndin á fund dómsmálaráðherra, Bjarna Benediktssonar, og afhenti honum undirskriftalistana. Listarnir voru í 21 bindi þar sem nöfn 27.364 landsmanna voru skráð á 2138 undirskriftalista. Af þeim 27.364 sem skrifuðu undir voru 14 þúsund Reykvíkingar. Hinn 9. september gekk nefndin síðan á fund nýkjörins forseta Ásgeirs Ásgeirssonar til að ræða áskorunina, þar sem greint er frá því að hann hefði haft „góð orð um, að það yrði tekið í ríkisráði.“²⁰⁰

Engar fréttir bárust þó af málinu fyrr en eftir fundinn með forsetanum. Í *Þjóðviljanum* var nánar greint frá ávarpi Guðmundar Thoroddsen til forsetans:

Vér sem skipum þessa nefnd göngum á fund yðar nú til þess að bera fram óskir vorar og meira en 27 þúsund annarra Íslendinga um sakaruppgjöf til handa þeim tuttugu mönnum, sem gerðir voru sekir 12. maí 1952 með dómi hæstaréttar í málinu nr. 62/1950. Hér er átt við uppgjöf saka samkvæmt 29. grein stjórnarskrárinnar, með þeirri skilgreiningu sem stjórnлагаfræðikennarar Háskóla Íslands hafa notað í ritum sínum og kennslu, en eftir þeim skilningi veldur uppgjöf sakar því að niðurfalla allar lögfylgjur dóms, þar á meðal réttindaskerðingu hvers konar og ítrekunarverkanir. Erindi vort, dagsett 13. ágúst síðast liðinn, til stuðnings hinni lögformlegu beiðni um sakaruppgjöf var sent yður að stjórnskipulegum hætti ásamt áskorun 27. 364 borgara víðsvegar af landinu. En þetta kærkomna tækifæri viljum vér leyfa oss að nota til þess að flytja yður persónulega óskir þessa fólks og tjá vonir þess um jákvæðan árangur.²⁰¹

Forsetinn svaraði erindinu á þá leið, að hann hefði kvatt dómsmálaráðherra á sinn fund eftir að honum barst erindi nefndarinnar og staðfesti að það mundi hljóta löglega afgreiðslu. Hann greindi þó ekki frekar frá því hvenær vænta mætti endanlegrar afgreiðslu málsins.²⁰² Í grein Eggerts Þorbjarnarsonar í *Rétti* um undirskriftalistana sem var skrifuð í október 1952 kemur fram að ekki hefði verið búist við því að málið yrði tekið strax á dagskrá. Eggert hélt þó í vonina, enda lýkur

²⁰⁰ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum“, bls. 142–144.

²⁰¹ *Þjóðviljinn* 10. september 1952, bls. 8.

²⁰² Sama.

grein hans á þessum orðum: „Vonandi verður þess þó ekki langt að bíða. En þangað til þarf þjóðin að vera á verði.”²⁰³

Biðin reyndist þó nokkuð lengri en upphafsmenn framtaksins höfðu gert sér vonir um og liðu tvö ár þangað eitthvað gerðist í málinu. Greint er frá tilraunum nefndarmanna til að fá frekari svör frá forseta í 5. tölublaði tímaritsins *Baldurs* árið 1953. Þar segir frá því að Guðmundur Thoroddsen og Sigurgeir Sigurðsson biskup hafi haldið á fund forseta í mars 1953. Forseti kallaði þá aftur á sinn fund 9. apríl og er greint frá því að hann hafi vísað málinu til dómsmálaráðherra. Guðmundur á að hafa leitað til Bjarna Benediktssonar vegna erindisins. Samkvæmt Guðmundi á Bjarni að hafa svarað honum stuttaralega og ekki í fyrstu viljað kannast við erindi Guðmundar þegar hann spurði hann um framvindu sakaruppgjafarinnar. Þá á Guðmundur að hafa vísað til þess að forseti hafi beint honum á hans fund. Samkvæmt frásögninni hefði Bjarni þá kannast við málið og svarað því til að það hefði ekki hlotið afgreiðslu enn og væri ekki ákveðið hvenær það yrði eða með hvaða hætti. Með því lauk afskiptum þeirra og heyrðist ekkert af málinu fyrr en ári síðar.²⁰⁴

Í febrúar 1954 féllst forseti á fjórar tillögur dómsmálaráðherra um náðanir í „tilefni fimmtíu ára afmælis heimastjórnar á Íslandi.” Af því tilefni voru allir þeir sem hlutu refsivist allt að einu ári náðaðir skilorðsbundið til fimm ára af „fordæmdum refsingum eða eftirstöðvum ídæmdra refsinga.” Einnig var refsitími þeirra sem hlutu þyngri refsingar stytur.²⁰⁵ Í tilfelli þeirra sem voru dæmdir í Hæstarétti var 11 mönnum veitt skilorðsbundin náðun. Þar sem hér var um að ræða breytingu óskilorðsbundinna fangelsisdóma í skilorðsbundna, var þetta ekki uppgjöf sakar, heldur voru dómarnir einungis mildaðir.²⁰⁶

Í *Þjóðviljanum* var harðlega gagnrýnt að hinir dæmdu hefðu ekki hlotið fulla sakaruppgjöf, líkt og krafist var við afhendingu undirskriftalistanna. Þá var fullyrt að brotið hefði verið á þeim sem misstu kosningarétt og kjörgengi því það hefði verið „langþyngsti og svívirðilegasti hluti dómsins.” Niðurstaðan væri sú að forseti hefði ekki svarað kröfu þeirra 27 þúsund Íslendinga sem skrifuðu undir

²⁰³ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum”, bls. 145.

²⁰⁴ *Baldur*, 5. maí 1953, bls. 4.

²⁰⁵ *Þjóðviljinn* 2. febrúar 1954, bls. 12.

²⁰⁶ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 284–285.

undirskriftalistana.²⁰⁷ Þeir sem sátu í framkvæmdanefndinni urðu ekki síður fyrir vonbrigðum. Þorvaldur Þórarinsson kvaðst engan veginn hafa verið ánægður með þessi málalok og „við ramman reip hafi verið að draga.“²⁰⁸

Í harðorðri grein Þorvalds, sem birtist í *Þjóðviljanum* undir fyrirsögninni „Enn bíða 27.364 Íslendingar svars“ hélt hann því fram að náðunartillagan sem forseti samþykkti hefði ekki svarað kröfunni um sakaruppgjöf. Fór hann einnig hörðum orðum um dómsmálaráðherra, Bjarna Benediktsson, sem átti að hafa ráðist að Guðmundi Thoroddsen „með einstæðum dónaskap.“ Einnig var gagnrýnt hversu lengi málið sat á borði forsetans.²⁰⁹ Hersteinn Pálsson, ritstjóri *Vísis*, kom þó Ásgeiri Ásgeirssyni til varnar með því að benda á að afgreiðsla slíkra mála færi fyrir dómsmálaráðuneyti. Það væri ekki á valdi forseta að veita sakaruppgjöf nema samkvæmt tillögum ráðherra.²¹⁰ Eftir þessi orðaskipti má segja að botninn hafi dottið úr málinu, enda fjölluðu blöðin lítið um það. Það var ekki fyrr en eftir myndun vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar sumarið 1956 að hreyfing komst á það á ný.

Tildrög og framkvæmd sakaruppgjafarinnar árið 1957

Samkvæmt 29. grein stjórnarskrárinnar fer forseti Íslands með formlegt náðunarvald. 29. greinin er í II. kafla stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um störf og skyldur forseta Íslands sem handhafa framkvæmdarvalds. Þar segir:

Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.²¹¹

Forseti hefur að jafnaði ekki frumkvæði að stjórnvaldsathöfnum. Í 13. grein er mælt fyrir um að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. Því er það í höndum ráðherra að bera erindi um sakaruppgjöf upp fyrir forseta sem samþykkir eða neitar tillögu ráðherra. Sú ákvörðun öðlast gildi þegar báðir aðilar hafa skrifað undir

²⁰⁷ *Þjóðviljinn* 2. febrúar 1954, bls. 12.

²⁰⁸ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 284–285.

²⁰⁹ *Þjóðviljinn* 30. mars 1954, bls. 3.

²¹⁰ *Vísir* 1. apríl 1954, bls. 5.

²¹¹ *Vef. Lagasafn Alþingis*. 29 gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 1944.

tillöguna.²¹² Því má segja að það sé í raun og veru dómsmálaráðherra sem beri höfuðábyrgð á því að tillaga til sakaruppgjafar fari fyrir forseta. Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar ber ráðherra síðan ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum.²¹³ Það er ekki óalgenget að forseti veiti dæmdum mönnum náðun þótt skylt sé að tillaga komi frá ráðherra. Að meðaltali fá 5 einstaklingar náðun á ári. Þó fer það eftir forseta, en Vigdís Finnbogadóttir veitti flestar náðanir af forsetum Íslands á meðan hún sat í embætti.²¹⁴

Eins og áður sagði var Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra þegar dómur Hæstaréttar féll árið 1952. Hann sat enn í embætti þegar undirskriftasöfnunin fór fram og var honum og forseta Íslands afhent formlegt ávarp með undirskriftalistunum.²¹⁵ Forsetinn hafði heitið því að málið skyldi fá „löglega afgreiðslu“, en hann gerði ekki nánar grein fyrir málsmeðferðinni.²¹⁶ Eins og áður sagði taldi Bjarni Benediktsson sig ekki geta verið dómari um sekt hinna ákærðu manna eða sýknu. Hins vegar var það ákvörðun hans sem dómsmálaráðherra að höfða mál gegn þeim ákærðu eftir 30. mars 1949, enda var embætti saksóknara ríkisins ekki til á þeim tíma.²¹⁷

Dómsmálaráðherra og forseti voru aðeins reiðubúnir að hluta til að koma til móts við áskorun þeirra 27 þúsund landsmanna um sakaruppgjöf í tilefni 50 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi.²¹⁸ Full sakaruppgjöf var ekki veitt fyrr en árið 1957, en þá hafði nýr dómsmálaráðherra, Hermann Jónasson, sem hafði setið hjá í atkvæðagreiðslunni um NATO-aðildina, frumkvæði að endurupptöku málsins. Lítið hefur verið skrifað um aðdraganda og framkvæmd sakaruppgjafar þeirra 20 manna sem dæmdir voru í Hæstarétti árið 1952. Í þeim fáu heimildum þar sem fjallað er um málið er skautað fram hjá kjarnaatriðum eins og málsmeðferðinni og ákvörðunartökunni.²¹⁹ Undantekningin er grein Ólafs W. Stefánssonar, fyrrverandi skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem birt var í *Morgunblaðinu* 16. júní 2004 undir heitinu „Um forsetavald.“ Tildrög skrifanna voru forsetakosningar

²¹² *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 295.

²¹³ Vef. Lagasafn Alþingis. 13. og 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 1944.

²¹⁴ Vef. „Forsetinn hefur náðað 45“, 21. apríl 2012, *Vísir*.

²¹⁵ Vef. Alþingismannatal. Bjarni Benediktsson – þingsetutímabil og embætti.

²¹⁶ *Vísir* 1. apríl 1954, bls. 5.

²¹⁷ Sama.

²¹⁸ *Þjóðviljinn* 2. febrúar 1954, bls. 12.

²¹⁹ Sjá, 30. marz 1949, *Ísland á 20. öld*, Óvinir ríkisins, *Íslenskir kommúnistar 1918-1998*, blöð *Þjóðviljans* og *Morgunblaðsins* 1957 og greinar í timaritinu *Rétti*.

sem fóru fram þann dag.²²⁰ Þar fjallar Ólafur um þær formlegu stjórnvaldsáskvarðanir sem leiddu til sakaruppgjafarinnar. Forsenda þess að pólitískur vilji var til þess að endurvekja málið var myndun vinstri stjórnar Framsóknarflokks og Alþýðuflokks með þátttöku sósíalista sem höfðu myndað kosningabandalag með vinstri jafnaðarmönnum undir heiti Alþýðubandalagsins. Auk þess að gegna forsætisráðherraembættinu fór Hermann Jónasson með dómsmálin eins og áður sagði. Rekja má endurupptöku málsins um náðunina til upphafs aprílmánaðar 1957, þegar dómsmálaráðherra lagði fram tillögu til embættis forseta Íslands þess efnis að veita öllum þeim sem dæmdir voru í Hæstarétti árið 1952 fulla uppgjöf sakar.

Í skjalasafni dómsmálaráðuneytisins er að finna handrit að þessum tillögum. Tillögurnar eru að finna í afritabók dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og bréfadagbók ráðuneytisins frá árunum 1956–1957. Á þeim tíma voru einungis vélrituð handrit skjalanna varðveitt með viðkomandi máli. Í afritabókinni eiga öll mál sem heyrðu undir erindi ráðuneytisins árið 1957 að vera geymd. Í bréfadagbókinni eru þau mál sem borin voru undir ráðuneytið handskrifuð með dagsetningu og stuttri lýsingu á hverju málefni.²²¹

Hinn 4. apríl 1957 var fyrsta tillaga um almenna sakaruppgjöf vegna atburðanna 30. mars 1949 borin til forseta. Þessa tillögu er að finna í bréfadagbókinni þar sem tillagan er skráð á eftirfarandi hátt: „Tillaga um almenna uppgjöf saka vegna atburðanna við Alþingishúsið 30/3/1949, smbr. dóm hæstaréttar 12/5/1952.”²²² Athyglisvert er að tillöguna er ekki að finna í afritabók ráðuneytisins og ekkert bendir til þess að frumritið sé til. Ekki er vitað hvort forseti Íslands hafi fengið tillöguna í hendur, því að Ásgeir Ásgeirsson fór erlendis 6. apríl, tveimur dögum eftir að tillagan átti að hafa borist til hans. Í auglýsingu forsætisráðuneytisins, sem er dagsett 6. apríl, kemur fram að forseti hafi farið í „einakaerindum til útlanda” og yrði frá í nokkrar vikur. Í fjarveru hans færðu handhafar forsetavalds með vald forseta Íslands samkvæmt 8. grein stjórnarskrárinnar, þ.e. forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar.²²³ Handhafar forsetavalds taka alltaf við meðferð forsetavalds þegar

²²⁰ Sjá. Ólafur W. Stefánsson, „Um forsetavald”, bls. 29.

²²¹ Ólafur W. Stefánsson, „Um forsetavald”, bls. 29.

²²² ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002-25- askja A/14. Bréfadagbók 1956–1957, tillögur 1957.

²²³ *Stjórnartíðindi* 1957 A. d. 114.

forseti er erlendis og stýrir forseti Alþingis fundum þeirra.²²⁴ Hermann Jónasson, forsætis- og dómsmálaráðherra, Jón Ásbjörnsson, forseti Hæstaréttar og Emil Jónsson, forseti sameinaðs Alþingis fóru með vald forseta Íslands í fjarveru Ásgeirs Ásgeirssonar þegar hann hélt utan 6. apríl.²²⁵ Athyglisvert er að Emil Jónsson, sem var einn helsti forystumaður Alþýðuflokksins, fór með Bjarna Benediktssyni til Bandaríkjanna þar sem skrifað var undir Norður-Atlantshafssaminginn árið 1949.²²⁶ Þá er einnig vert að taka fram að Jón Ásbjörnsson var einnig forseti Hæstaréttar 1952 þegar dómur Hæstaréttar féll. Því kom hann bæði að sakfellingu og náðun þessara manna.

Hinn 26. apríl barst handhöfum forsetavalds tillaga um að veita almenna uppgjöf sakar í máli því sem dæmt var í Hæstarétti árið 1952. Tillöguna er að finna í afritabók ráðuneytisins auk þess sem frumrit þess er varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Í handritinu eru talin upp nöfn allra þeirra sem dæmdir voru og stutt greinargerð um málið. Þar er meðal annars greint frá aðdraganda og meðferð undirskriftasöfnunarinnar. Þar er tekið fram að forseta og dómsmálaráðherra hefðu borist undirskriftir yfir 27 þúsund manns um að þessum einstaklingum yrðu gefnar upp sakir og að þeir skyldu öðlast aftur sín borgaralegu réttindi. Þá er vísað til þess að þáverandi biskup Sigurgeir Sigurðsson og allir þjónandi prestar í Reykjavík hafi sent samhljóða tilmæli. Loks er lögð fram til handhafa forsetavaldsins sú tillaga að „veita öllum framangreindum mönnum almenna uppgjöf saka vegna atburðanna við Alþingishúsið 30. mars 1949, sbr. dóm Hæstaréttar 12. maí 1952.“²²⁷

Tillagan var undirrituð af Hermanni Jónassyni og dagsett 26. apríl 1957. Það vekur athygli með hvaða hætti tillagan var skráð í bréfadagbók ráðuneytisins. Í stað þess að merkja inn nýja færslu 26. apríl, eins og búast mætti við, þá var færslan frá 4. apríl leiðrétt og talan 26 skrifuð ofan í töluna 4. Greinilegt er að skrifað var yfir fyrri færsluna því hægt er að sjá móta fyrir dagsetningu fyrri tillögunnar undir þeirri síðari. Breytingin fer ekki á milli mála því talan 26 var skrifuð með dekkra bleki en hinar færslurnar á blaðsíðunni. Einnig er greinilegt að dagsetningin var skrifuð með annarri rithönd en þeirri sem ritaði hinar færslurnar. Loks skal tekið fram að færslan með

²²⁴ Vef. Lagasafn Alþingis. 8. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 1944.

²²⁵ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. mars 1949*, bls. 285.

²²⁶ Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*, bls. 131.

²²⁷ ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2002 C/126 C-Bréfabækur. Stjórnarráð Íslands. Bréfabók 1957, II.

tillögunni er skráð á eftir annarri tillögu sem merkt er 4. apríl og sú næsta þar á eftir er dagsett 12. apríl. Það liggur því í augum uppi að um leiðréttingu á fyrri tillögunni er að ræða.²²⁸

Ekki er hægt að fullyrða hvers vegna ákveðið var að endurdagsetja tillöguna frá 4. apríl. Vera má að ekki hafi verið talin þörf á því að skrá tillöguna aftur í bókina þar sem tillagan til handhafanna frá 26. apríl barst þeim í sama mánuði. Það er þó ósennilegt, enda er skylda að skrá niður allar tillögur sem berast frá ráðuneytinu. Líklegri skýring er sú að vísvitandi hafi verið reynt að hylma yfir að forseta Íslands hafi borist tillaga þessa efnis. Ljóst er að málið var á allan hátt pólitískt og því má fullyrða að forseti hafi haft skoðun á því hvort veita ætti hinum dæmdu sakaruppgjöf eða ekki, enda bar hann ábyrgð á fyrri afgreiðslunni.

Í áður nefndri grein Ólafs W. Stefánssonar veltir hann því fyrir sér hvort tillagan hafi yfir höfuð borist til forseta. Einnig er þeirri spurningu varpað fram hvort forseti hafi ekki viljað fallast á tillöguna og því hafi handhafar nýtt sér tækifærið á meðan forsetinn var ekki á landinu. Þá er athygli vakin á því að Ásgeir Ásgeirsson hafi einungis tvisvar sinnum farið erlendis í stjórnartíð vinstri stjórnarinnar. Fyrra skiptið var 6. apríl 1957 og seinna skiptið var um haustið sama ár.²²⁹ Líklega hefði tillagan um almenna sakaruppgjöf mátt bíða afgreiðslu þangað til forsetinn kæmi aftur til landsins. Fimm ár voru liðin frá því að dómur Hæstaréttar féll árið 1952 og enginn þeirra sem var dæmdur þurfti að taka út refsingu sína fyrir utan þá sem voru sviptir kosningarétti og kjörgengi. Um enga stórvægilega hagsmuni var að ræða sem ekki hefðu getað beðið meðferðar í þær vikur sem forseti var fjarverandi.

Tillagan um almenna sakaruppgjöf var samþykkt af handhöfum forsetavalds 30. apríl. Undirskriftir handhafa forsetavalds því til staðfestingar eru á frumriti tillögunnar frá 26. apríl.²³⁰ Þá er einnig að finna í skjalasafni ráðuneytisins handrit að skjali um uppgjöf saka fyrir hvern hinna dæmdu manna. Þar er tilgreint frekar hvað felst í sakaruppgjöfinni. Þannig átti Hermann Jónasson bæði frumkvæði að málinu sem dómsmálaráðherra og niðurstöðu þess sem handhafi forsetavalds. Með því voru allar lögfylgjur dómsins felldar niður og hinir dæmdu fengu full borgaraleg réttindi

²²⁸ ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002-25- askja A/14. Bréfadagbók 1956–1957, tillögur 1957.

²²⁹ Ólafur W. Stefánsson, „Um forsetavald“, bls. 29.

²³⁰ ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Frumrit að tillögu til handhafa forsetavalds um almenna uppgjöf saka vegna atburðanna við Alþingishúsið 30. marz 1949.

aftur.²³¹ Hinn 18. maí lagði dómsmálaráðherra fram tillögu til handhafa forsetavalds um endurstaðfestingu á úrskurðum sem gefnir höfðu verið utan ríkisráðs. Eitt þeirra mála var úrskurðurinn um sakaruppgjöf á dómi Hæstaréttar frá árinu 1952. Þessir úrskurðir voru endurstaðfestir í ríkisráði 20. maí af handhöfunum.²³² Forseti Íslands kom aftur heim 21. maí.

Blöðin greindu frá þessum tíðindum um sakaruppgjöfina á ólíkan hátt. Á forsíðu *Þjóðviljans* 1. maí 1957 birtist frétt þess efnis að handhafar forsetavalds hefðu veitt þeim 20 einstaklingum sem dæmdir voru vegna atburðanna 30. mars 1949 fulla sakaruppgjöf. Þá segir að það væri þeim „sérstök ánægja” að geta sagt frá þeim tíðindum 1. maí því sakaruppgjöfin hefði „jafnan verið krafa verkalýðshreyfingarinnar.”²³³ *Tíminn* greindi einnig frá sakaruppgjöfinni 3. maí, en sú umfjöllun var stutt og hafði að geyma sömu upplýsingar og fram komu í *Þjóðviljanum* og *Morgunblaðinu*. Málagn dómsmálaráðherrans fjallaði ekki frekar um málið.²³⁴

Fjallað var um sakaruppgjöfina í Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* 5. maí. Þar er sérstaklega fjallað um hlutverk forsetans og dómsmálaráðherra:

Raunverulega er það dómsmálaráðherra, sem kveður á um, hvort slíka sakaruppgjöf skuli veita eða ekki. Forsetinn og handhafar valds hans eru að stjórnlögum bundnir við tillögur dómsmálaráðherra. Það er því Hermann Jónasson, sem þessa gjöf hefur veitt kommúnistum af tilefni 1. maí hátíðarhaldanna...Þeir [dómarnir] standa um alla framtíð sem óbrotgjarn minnisvarði um atlögu kommúnista að frelsi og lýðræði íslensku þjóðarinnar hinn eftirminnilega dag 30. marz 1949.²³⁵

Athygli vekur að blaðið nefnir aðeins Hermann Jónasson; ekkert er fjallað um hlutverk Ásgeirs Ásgeirssonar og þá staðreynd að hann skyldi hafa verið fjarverandi þegar sakaruppgjöfin var ákveðin. Nánari umfjöllun um málið birtist sama dag í *Þjóðviljanum*. Þar var grein gerð fyrir undirskriftasöfnuninni og því haldið fram að með þeim hefði þjóðin verið að „mótmæla stríðsstefnunni og þeim hugsjónum Bjarna

²³¹ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2002 C/126 C-Bréfabækur. Stjórnarráð Íslands. Bréfabók 1957, II.

²³² Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2002 C/126 C-Bréfabækur. Stjórnarráð Íslands I. Bréfabók 1957, III.

²³³ *Þjóðviljinn* 1. maí 1957, bls. 1.

²³⁴ *Tíminn* 4. maí 1957, bls. 2.

²³⁵ *Morgunblaðið* 5. maí 1957, bls. 11.

Benediktssonar að koma á suðuramerísku ástandi á Íslandi.”²³⁶ Þá voru Bjarni Benediktsson og Ásgeir Ásgeirsson gagnrýndir fyrir að hafa neitað að svara ósk Íslendinga um sakaruppgjöf „ár eftir ár.”²³⁷ Þessari gagnrýni var svarað í Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* viku síðar. Þar tók höfundurinn upp hanskann fyrir Ásgeir Ásgeirsson forseta. „Stjórnarblaðið veit vel, að ef hér væri við einhvern að sakast, væri það við Bjarna Benediktsson einan. Hann réði raunverulega meðferð og afgreiðslu málsins á meðan hann var dómsmálaráðherra.”²³⁸ Vera má að Bjarni sjálfur hafi skrifað þetta Reykjavíkurbréf, enda hafði hann tekið við ritstjórarstarfi hjá *Morgunblaðinu* árið 1956.

Ljóst er að lítið var á sakaruppgjöfina sem mótsvar sósíalista, sem áttu aðild að vinstri stjórninni, við stjórnvaldsákvörðun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á árunum 1950–1956. Þar bar vitaskuld hæst ákvörðun dómsmálaráðherra um að rétta yfir þeim sem tóku þátt í óeirðunum á Austurvelli 30. mars 1949. Því var það engin tilviljun að full sakaruppgjöf var ákveðin í tíð vinstri stjórnarinnar. Það kann jafnvel að hafa verið eitt skilyrðið við stjórnarmyndun vinstri stjórnarinnar árið 1956 að þeim sem dæmdir voru fyrir aðild sína að óeirðunum yrðu gefnar upp sakir.

Ekki er vitað með vissu hvort Ásgeir Ásgeirsson hafi verið andvígur sakaruppgjöfinni eða hvort hann hafi vitað af ráðagerðum handhafanna um að veita fulla sakaruppgjöf á meðan hann var erlendis. Eins og fram kom, þá var ákvörðunin ekki aðeins í höndum forseta, heldur var umboðið hjá dómsmálaráðherra. Ásgeir virtist vera reiðubúinn að hluta til að koma til móts við óskir þeirra sem skrifuðu undir undirskriftalistana með því að samþykka tillögu Bjarna Benediktssonar um að breyta óskilorðsbundnum dómum í skilorðsbundna árið 1954. Hins vegar er óljóst hvert hlutverk hans var árið 1957 þegar full sakaruppgjöf var veitt. Ekki er hægt að staðfesta að forseta hafi borist tillagan 4. apríl. Engin heimild hefur fundist um þetta atriði fyrir utan grein Ólafs W. Stefánssonar. Hvorki *Þjóðviljinn* né *Morgunblaðið* viku að þessu lykilatriði á sínum tíma og engir þeirra sem hafa fjallað um atburðina 30. mars 1949 minnst á þetta einu orði.²³⁹

²³⁶ *Þjóðviljinn* 5. maí 1957, bls. 8.

²³⁷ Sama.

²³⁸ *Morgunblaðið* 12. maí 1957, bls. 11.

²³⁹ Ólafur W. Stefánsson, „Um forsetavald”, bls. 29.

Ef það er rétt að forseta hafi borist tillaga um þessi efni 4. apríl er líklegt að Ásgeir hafi ekki verið reiðubúinn til að staðfesta tillögu dómsmálaráðherra um almenna uppgjöf saka. Ef marka má samskipti hans við þáverandi ríkisstjórn þá var Ásgeir andvígur stefnu stjórnarinnar í varnarmálum og brottför Bandaríkjahers frá Íslandi.²⁴⁰ Þótt þessi ágreiningur tengist ekki með beinum hætti sakaruppgjöfni kann hann að hafa haft áhrif á samstarf forseta og ríkisstjórnar. Sennilegasta skýringin er þó sú að Ásgeir hafi vitað af áformum Hermanns um að veita sakaruppgjöf og jafnvel veitt honum óformlegt samþykki sitt um að framkvæma hana í fjarveru hans. Ólíklegt er að Hermann Jónasson og Emil Jónsson, sem var samflokksmaður Ásgeirs, hafi samþykkt þessar aðgerðir án vitneskju forsetans. Þar sem Ásgeir hafði tekið afstöðu til málsins árið 1954 með því að samþykkja tillögu Bjarna Benediktssonar um skilyrta sakaruppgjöf hefur það vafalaust verið erfitt fyrir hann að skrifa undir tillögu Hermanns um skilyrðislausu náðun. Því hafi hann frekar kosið að handhafar forsetavalds gerðu það. Þessa tilgátu er þó ekki unnt að sannreyna með vísan í heimildir.

Eftirmáli – áhrif dómanna og náðunar á sakborninga

Málsmeðferðin – frá réttarrannsókninni árið 1949, gegnum dómsmálin 1950–1952 til sakaruppgjafar 1957 – tók alls átta ár. Fyrir utan málsvörn þeirra eru heimildir um viðbrögð sakborninga við réttarhöldunum af skornum skammti. Fjallað var almennt um viðbrögð hinna dæmdu stuttu eftir dómsúrskurð aukaréttar í *Þjóðviljanum* og tímaritinu *Rétti*. Sú umfjöllun snerist þó að mestu leyti um gagnrýni á ákærvaldið og dómsvaldið fyrir hlutdrægni í vinnubrögðum. Ekki var nema að litlu leyti vikið að upplifun sakborninga af réttarhöldunum. Í *Þjóðviljanum* 29. mars 1950 voru birt viðtöl við nokkra þeirra sem ákærðir voru í málinu vegna óeirðanna. Þetta eru einu heimildirnar sem vísa til viðbragða þeirra eftir dómsúrskurð aukaréttar. Rætt var við Magnús Jóel Jóhannsson, Hreggvið Stefánsson, Árna Pálsson og Ólaf Jenson. Hreggviður, Árni og Ólafur voru nemendur á þessum tíma, en Magnús Jóel vann sem járnsmiður í Landssmiðjunni. Allir voru þeir með yngri mönnunum sem sakfelldir voru. Flestir þeirra lýstu reynslu sinni almennt og kenndu „hvítliðum“ um það sem fór fram á Austurvelli 30. mars. Allir gáfu í skyn að þeir bæru litla virðingu fyrir

²⁴⁰ Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins*, bls. 315 og 317.

niðurstöðu réttarins og töldu að réttarhöldin hefðu verið pólitískar ofsóknir gegn „alþýðunni“.²⁴¹ Orð Magnúsar Jóels endurspeгла almennt viðhorf þessara ungu manna. Sagði hann svo um málaferlin: „Þessi málaferli eru hreinar pólitískar ofsóknir, tilraun auðstéttarinnar til að klekkja á alþýðunni fyrir einarða ansdstöðu við landsölubruggið.“²⁴² Hinir tóku í sama streng.

Þau persónulegu áhrif sem dómarnir höfðu eftir dóm Hæstaréttar hafa verið lítt rædd í þeim heimildum sem tiltækar eru. Flestir þeirra sem dæmdir voru á sínum tíma eru fallnir frá. Því hefur ekki fengist tækifæri til að tala við þá einstaklinga sem dæmdir voru. Rætt var við einstaklinga sem þekktu til þessara manna og er byggt á þeim samtölum hér. En vitaskuld verður að taka ummælum þeirra sem upplifðu ekki réttarhöldin persónulega með ákveðnum fyrirvara.²⁴³

Í tímariti *Réttar* árið 1988 eða 36 árum eftir að dómur Hæstaréttar féll var birt viðtal Ragnars Stefánssonar við þá Jón Múla Árnason, Stefán Ögmundsson og Ólaf Jensson sem allir voru dæmdir af aukarétti Reykjavíkur og Hæstarétti. Þetta viðtal er eitt af fáum heimildum sem greina ítarlega frá persónulegri reynslu þeirra sem dæmdir voru í kjölfar óeirðanna. Minnst þeir meðal annars á þær afleiðingar sem réttarhöldin höfðu á líf þeirra og störf.

Í viðtalinu greindi Ólafur Jensson, sem dæmdur var í þriggja mánaða fangelsi af Hæstarétti fyrir að veitast að lögreglu svo frá reynslu sinni:

Ég var þá í læknadeildinni. Þessir stórvíðburðir 30. mars höfðu líka áhrif á mitt nám. Ég náttúrulega kolféll þarna um vorið, kolféll í líffærafræðinni og fékk að gera það óáreittur af mínum próffessorum og kennurum, þótt ég hefði fengið á mig dóm 1952.²⁴⁴

Ólafur tók einnig fram að hann vissi ekki til þess að niðurstöður dómstólanna hefðu haft veigamikil áhrif á líf sakborninganna. Taldi hann að dómsuppkvaðningarnar hefðu ekki sett þeim neinar verulegar skorður í daglegu lífi þrátt fyrir að vera sviptir borgararéttindum, eins og með sviptingu kjörgengis og kosningaréttar. Jón Múli tók

²⁴¹ *Þjóðviljinn* 29. mars 1950, bls. 3 og 6.

²⁴² Sama, bls. 3.

²⁴³ Rætt var m.a. við Sigurð Flosason, bifreiðastjóra og einn ábyrgðarmanna Dagfara, tímarits Samtaka hernaðarandstæðinga, Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóra *Þjóðviljans* og Árna Pál Árnason, fyrrverandi þingmann og son séra Árna Pálssonar.

²⁴⁴ „Af vettvangi baráttunnar”, bls. 135.

undir orð Ólafs.²⁴⁵ Nefnir hann reynslu sína af því hvernig viðbrögð hann fékk á starfsvettvangi sem þulur hjá Ríkisútvarpinu.²⁴⁶

Það var aldrei hreyft við mér í þularstarfinu, það var aldrei hreyft við mér í neinu starfi í útvarpinu. Ég frétti einu sinni af útvarpsráðsfundi af rödd, sem hafði orð á því, að það væri undarlegt með þetta útvarp, sennilega væri það eina stofnun sinnar tegundar í öllum heiminum, sem hefði dæmdan glæpamann sem yfirþul.²⁴⁷

Jón Múli hélt því fram að enginn hefði tekið dómsniðurstöðunum alvarlega í útvarpsráði. Hann hefði heldur ekki upplifað nein neikvæð áhrif vegna þátttöku sinnar í óeirðunum. Stefán Ögmundsson sagðist heldur ekki hafa upplifað neinn persónulegan pólitískan fjandskap, þótt hann hefði hlotið þyngsta dóminn í aukarétti Reykjavíkur. Hann segir þó að ein dóttir hans hefði orðið fyrir mikilli áreitni í barnaskóla af því hún ætti svo „vondan föður“. Að öðru leyti breyttist lítið fyrir honum í lífi hans og starfi.²⁴⁸

Ekki er þó sömu sögu að segja um alla þá sem dæmdir voru á sínum tíma. Árni Pálsson, fyrrverandi prestur í Kópavogskirkju, átti erfitt uppdráttar eftir að dómur Hæstaréttar féll. Honum var neitað um störf eftir úrskurð dómsins. Árni útskrifaðist sem guðfræðingur 1954. Hann tók ekki við vígslu fyrr en 1961 og gegndi öðrum störfum áður en hann hóf störf sem sóknarprestur.²⁴⁹

Samkvæmt Sigurði Flosasyni, fyrrverandi bifreiðastjóra hjá Hreyfli og virkum stuðningsmanni Samtaka hernámsandstæðinga og herstöðvaandstæðinga, var talað um dómsmálin á nokkuð háðslegan hátt á kaffistofu Hreyfils. Hann taldi að einstaklingarnir hefðu ekki fundið fyrir neinni smán heldur mun frekar litið niður á dómsvaldið og tekið lítið mark á dómunum.²⁵⁰ Þetta endurspeglast í viðhorfi Jóns Múla. Hann orðaði það svo: „Ætli það þurfi nokkuð að æsa upp hæstaréttardómara, ætli hæstaréttardómara dæmi ekki eins og þeim er sagt að dæma?“²⁵¹ Með þessum orðum gaf hann í skyn að dómsvaldið hefði gengið erinda ríkisvaldsins. Það var ríkjandi viðhorf þeirra sakborninga sem lýstu yfir skoðunum sínum eftir dómana.

²⁴⁵ „Af vettvangi baráttunnar“, bls. 135.

²⁴⁶ *Vef.* „Jón Múli Árnason“, *Morgunblaðið* 20. apríl 2002 .

²⁴⁷ „Af vettvangi baráttunnar“, bls. 135.

²⁴⁸ Sama, bls. 136.

²⁴⁹ *Viðtal.* Árni Páll Árnason, 4. janúar 2017.

²⁵⁰ *Viðtal.* Sigurður Flosason, 6. október 2016. .

²⁵¹ „Af vettvangi baráttunnar“, bls. 136.

Hugsanlega hafa þeir litið á dómanna sem tæki stjórnvalda til að refsa mótmælendum NATO–aðildarinnar og störfum ríkisstjórnarinnar.

Samkvæmt þessum ummælum virðist sem sakborningar hafi ekki fundið fyrir miklum fordómum í samfélaginu vegna dómanna. Ekki er mikill munur á opinberum yfirlýsingum þeirra frá árinu 1950 til þeirra sem komu fram í *Rétti* árið 1988.²⁵² Heimildir herma þó að þeir sakborningar sem stunduðu nám við háskólann hafi mætt ákveðnum hindrunum í námi. Þó skal vísa til orða Ólafs Jenssonar sem varð ekki fyrir neinum fordómum frá prófessorum eða samnemendum á meðan hann stundaði nám við læknadeildina. Á þeim árum var Guðmundur Thoroddsen prófessor í læknisfræði, en hann var formaður framkvæmdanefndarinnar sem stóð að undirskriftalistunum. Ekki er þó hægt að fullyrða hvort hann hafi haft einhver áhrif þar.

Vera má að sakborningar úr verkamannastétt hafi ekki fundið fyrir eins miklum áhrifum vegna stuðnings verkalýðsfélaganna. Þess ber að geta að Sigurður Guðnason, formaður Dagsbrúnar, var í nefndinni sem stóð að undirskriftalistunum.²⁵³ Þar sátu einnig þjóðvarnarmenn sem tóku afgerandi afstöðu gegn aðild Íslands að NATO. Af þeim sem studdu sakborningana, þá var það Sósíalistaflokkurinn sem var hvað mest áberandi líkt og endurspeglast í umfjöllun *Þjóðviljans* um dómsmálið. Á meðal hinna ákærðu voru nokkrir sósíalistar, en það á ekki við um alla sem fengu á sig dóm. Í kjölfar niðurstöðu aukaréttar Reykjavíkur voru hinir dæmdu hylltir í *Þjóðviljanum*. Þar var skrifað að hinir dæmdu gætu borið höfuðið hátt, enda myndu þeir hljóta heiðursess í sögunni fyrir vikið.²⁵⁴

Viðbrögð almennings við undirskriftalistunum gefa til kynna að sakborningar hafi notið verulegs stuðnings í þjóðfélaginu.²⁵⁵ Þá ber einnig að nefna framtak kirkjunnar manna í náðuninni og undirskriftalista allra þjónandi presta í Reykjavík og guðfræðiprófessora sem biskup Íslands færði forseta sem áskorun um að veita þeim dæmdu fulla sakaruppgjöf.²⁵⁶

Eins og hér var vikið að í upphafi var öllum sakborningum veitt viðurkenningarskjal fyrir „vasklega þátttöku í baráttunni gegn aðild Íslands að NATO

²⁵² Sjá *Þjóðviljann* 29. mars 1950 og „Af vettvangi baráttunnar.”

²⁵³ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftarsöfnunin út af 30. marz dómunum”, bls. 142.

²⁵⁴ *Þjóðviljinn* 29. mars 1950, bls. 3.

²⁵⁵ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 284.

²⁵⁶ Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum”, bls. 140.

30. mars 1949²⁵⁷ á baráttufundi samtaka hestöðvaandstæðinga 50 árum eftir að aðild Íslands að NATO var samþykkt. Í táknrænum skilningi markaði þessi athöfn endalok þessa máls í augum þeirra sem tóku málstað hinna dæmdu.

Niðurstöður

Dómar aukaréttar Reykjavíkur og Hæstaréttar í máli þeirra sem ákærðir voru fyrir þátttöku sína í óeirðunum í mars 1949 mörkuðu ákveðna sérstöðu í íslenskri réttarframkvæmd. Í fyrsta sinn var dæmt fyrir brot gegn 100. gr. almennra hegningarlaga. Með því að beita þessari grein gaf dómurinn í skyn að óeirðirnar hefðu skapað hættu á störfum og sjálfstæði þingsins, en hér er um að ræða alvarlegustu brot í almennum hegningarlögum og getur refsing varðað lífstíðarfangelsi.²⁵⁸ Í sakamálum er ríkari krafa gerð til sönnunar en í dæmigerðum einkamálum.²⁵⁹ Vegna þunga refsíabyrgðarinnar fyrir brot á 100. gr. þurfti skýra sönnunarfærslu til að dæma á grundvelli greinarinnar. Draga má í efa að það skilyrði hafi verið að fullu uppfyllt. Hæstiréttur viðurkenndi að erfitt hafi reynst að sanna hvaða aðilar áttu í hlut. Flestar sönnunarfærslurnar voru byggðar á vitnisburði lögreglu sem og varaliðsmanna, sem voru skipaðir með pólitískum hætti. Samkvæmt lögreglustjóra var hlutverk varaliðsins að vera til aðstoðar lögreglunni ef á þyrfti að halda. Hvorki sakadómur né Hæstiréttur kannaði pólitísk tengsl varaliðsmanna við stjórnmalaflokkana. Þótt dómstólarnir virðist hafa litið svo á að varaliðið nyti verndar 106. greinar hegningarlaga var réttarstaða þess ekki skýr.²⁶⁰

Bjarni Benediktsson, þáverandi dómsmálaráðherra, fór með ákærvald á þessum tíma enda var ekkert embætti sjálfstæðs ríkissaksóknara til á Íslandi. Þótt það bryti gegn meginreglunni um þrískiptingu ríkisvalds var það skráð í íslenskum lögum að dómsmálaráðherra færi einnig með slíkt vald.²⁶¹ Það var vitaskuld ekki aðeins óheppilegt í lagalegum skilningi, heldur einnig pólitískum. Mótmælin á Austurvelli 30. mars beindust að utanríkisstefnu sem Bjarni hafði átt mestan þátt í að marka. Bjarna var skylt að fara eftir eigin sannfæringu í ákvörðun sinni um að fara með málið

²⁵⁷ *Dagfari* mars 1999.

²⁵⁸ *Vef. Lagasafn Alþingis*. 100. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

²⁵⁹ Eiríkur Tómasson, „Réttarfar“, bls. 204.

²⁶⁰ *ÞÍ*. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Framhaldsrannsókn í Hæstaréttarmáli nr. 62/1950. Bréf lögreglustjóra dagsett 29.01. 1952.

²⁶¹ Björg Thorarensen, „Stjórnskipunarréttur“, bls. 28.

fyrir dóm. Hann viðurkenndi síðar að hann væri ekki óskekull og að hann gæti ekki verið dómari um sekt þessara manna.²⁶² Því gerði hann sér grein fyrir að hann væri í viðkvæmri stöðu. Vissulega mátti færa gild rök fyrir ákæru í málinu með því að benda á að yfirvöld hefðu þurft að bregðast við óeirðunum með einhverjum hætti. Meirihluti sakborninga var ákærður fyrir að hafa tekið þátt í óeirðunum fyrir að hafa valdið tjóni á munum og mönnum. Færa þurfti sex lögreglumenn á spítala vegna misalvarlegra áverka.²⁶³ Flestir sakborninganna játuðu því að hafa kastað grjóti og eggjum að Alþingishúsinu og lögregluliðinu.²⁶⁴ Hins vegar má fullyrða að flest áhersluatriði ákæruvaldsins hafi verið hliðholl valdstjórninni og varaliðsmönnum. Auk þess gerði ákæruvaldið enga tilraun til að rannsaka þátt ríkisstjórnarinnar, lögreglumanna og varaliðsmanna í óeirðunum. Málið snerist því heldur ekki aðeins um það hvort þessir menn voru sekir eða saklausir, heldur hvernig stjórnvöld stóðu að rannsókn málsins. Hér vakna upp ýmsar spurningar. Umdeilt er t.d. hvort óeirðirnar hafi átt upptök sín þegar Stefán Ögmundsson ávarpaði mannfjöldann í hátalara á bifreið sem lagt hafði verið við Alþingishúsið, eða þegar „hvítliðar“ létu til skarar skríða. Flest bendir til þess að „útrás“ varaliðsins hefði haft æsandi áhrif á mótmælendur og leitt til þess að þeir veittust að lögregluliðinu. Þá náðu átökin hámarki þegar lögregla kastaði táragsi yfir hópinn.²⁶⁵

Fullyrða má að stjórnvöld hafi tekið ákveðna áhættu með því að fara dómstólaleiðina við rannsókn á tildrögum óeirðanna. Þau áttu á hættu að sæta gagnrýni fyrir að rétta yfir einstaklingum sem aðhylltust ákveðna stjórnmalastefnu og lýstu yfir vantrausti á ákvarðanir þingsins. Unnt væri að halda því fram að hér réðu pólitískir hagsmunir för en ekki lagalegir, sem gæti dregið úr trausti almennings til dómsvaldsins.²⁶⁶ Helsti greinarmunurinn á pólitískum réttarhöldum og hefðbundum réttarhöldum sem varða pólitísk álitamál veltur á tilgangi þeirra. Stjórnvöld beittu viðurkenndum lagareglum þegar þau brugðust við óeirðunum. En eins og hér hefur komið fram voru skilin milli laga og stjórn mála aldrei skýr í þessu máli. Þetta átti ekki einungis við um þær réttarrannsóknir og ákæru sem dómsmálaráðherra og ríkisvald stofnuðu til, heldur einnig þá sakaruppgjöf sem framkvæmd var af handhöfum

²⁶² Skjöl Bjarna Benediktssonar. Askja 4-1, ör 3. Ræða um öryggismálin: kommúnista, Alþýðuflokkinn og Framsókn, ódagsett.

²⁶³ Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. mars 1950, bls. 218–219.

²⁶⁴ Sjá Hrd. 1952, bls. 190.

²⁶⁵ *Þjóðin* og *Kylfan*, bls. 20–22.

²⁶⁶ Teitel, *Transitional Justice*, bls. 74.

forsetavalds í fjarveru forseta. Enn eru nokkur atriði óljós um aðdraganda og framkvæmd sakaruppgjafarinnar. Ekki er unnt að skera úr því með vissu hvort forseti Íslands hafi vitað af áformum Hermanns Jónassonar, þáverandi dómsmálaráðherra, um að leggja fram tillögu til sakaruppgjafar, þótt ólíklegt sé að handhafar forsetavalds á þessum tíma, þeir Hermann Jónasson, Emil Jónsson, forseti Alþingis og Jón Ásbjörnsson, forseti Hæstaréttar, hafi leynt hann því. Í því sambandi má benda á að Jón Ásbjörnsson var einnig forseti Hæstaréttar 1952 þegar dómur Hæstaréttar féll í málinu. Hann var því bæði viðriðinn sakfellingu hinna ákærðu og náðun þeirra. Taka skal þó fram að einungis þarf meirihluta til þess að tillaga sé samþykkt. Ekki hafa fundist svör við því hver afstaða forseta Hæstaréttar var til málsins.²⁶⁷ Hins vegar er athyglisvert að Hermann Jónasson átti bæði frumkvæði að því að leggja fram náðunartillöguna sem dómsmálaráðherra og bein áhrif á niðurstöðu málsins sem handhafi forsetavalds.

Þótt mál 24-menninganna hafi vakið hörð viðbrögð eftir dóma aukaréttar og Hæstaréttar dró úr þeim eftir því sem á leið. Af því má álykta að hinar stríðandi fylkingar í íslenskum stjórnámálum hafi talið málinu lokið með framkvæmd sakaruppgjafar. Samkvæmt þeim fáu sakborningum sem tjáðu sig um réttarhöldin voru þeir almennt ekki fyrir aðkasti eftir dómsuppkvaðninguna. Sumir þeirra mættu fyrirstöðu í námi og starfi, en flestir þeirra virtust ekki hafa fundið fyrir fordómum frá almenningi. Stuðningur almennings kom fram við söfnun undirskriftalistanna sem rúmlega 27 þúsund Íslendingar skrifuðu undir. Það bendir til þess að margir voru ósammála dómsniðurstöðum og töldu þá ósanngjarna.

Eðli dómsmálanna sýnir hvernig pólitískir hagsmunir og áherslur stjórnvalda geta haft áhrif á dómsmál. Stjórnvöld höfðu mikil áhrif á framvindu málsins frá upphafi til enda. Þannig endurspegluðu réttarhöldin og eftirmál þeirra þann djúpstæða klofning sem kalda stríðið hafði á íslenskt samfélag á 5. og 6. áratug síðustu aldar.

²⁶⁷ Ólafur Stefánsson, „Um forsetavald“, bls. 29.

Heimildaskrá

I. Óprentaðar heimildir

Skjalasöfn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. Askja 4-1, örk 3. Ræða um öryggismálin: kommúnista, Alþýðuflokkinn og Framsókn, ódagsett.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. Ræða við aðild að Atlantshafsbandalaginu, 4. apríl 1949.

DÍ. Dóms og kirkjumálaráðuneyti. 2002-25—askja A/14. Bréfadagbók 1956–1957, Sakadómari 1957.

DÍ. Dóms og kirkjumálaráðuneyti. 2002-25—askja A/14. Bréfadagbók 1956–1957, Tillögur 1957.

DÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2002 C/126 C- Bréfabækur. Stjórnarráð Íslands I. Bréfabók 1957, II.

DÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2002 C/126 C-Bréfadagbækur. Stjórnarráð Íslands I. Bréfadagbók 1957, III.

DÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Frumrit að tillögu til handhafa forsetavalds um almenna uppgjöf saka vegna atburðanna við Alþingishúsið 30. marz 1949.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Endurrit úr lögregluhandbók Reykjavíkur XXIX, bls. 1–9.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Endurrit úr lögregluhandbók Reykjavíkur. Umsögn Jóns Pálmasonar forseta sameinaðs Alþingis um afgreiðslu þingsályktunarinnar um Norður-Atlantshafssamninginn, bls. 6–7

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur 30.04.1952. Framhaldsrannsókn í hæstaréttarmálinu nr. 62/1950.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur nr. XXI. Lagt fyrir í Hæstarétti 21.04.1952, bls. 4.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Endurrit úr lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Skjal nr. 32. Hefti I. Vitnisburður Magnúsar Eggertssonar, bls. 3.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Framhaldsrannsókn í Hæstaréttarmáli nr. 62/1950. Bréf til lögreglustjóra dagsett 29.01.1952.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Framhaldsrannsókn í Hæstaréttarmáli nr. 62/1950. Svar lögreglustjóra til hæstaréttarlögmanns. Dagsett 01.02.1952.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Kærubók Nr. I. lagt fram í lögreglurétti Reykjavíkur 04.04.1949. Skýrsla Erlings Pálssonar yfirlöggluþjóns.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Rannsóknarskýrsla nr. 34 lagt. Mappa XX, bls. 26–28.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62: 1950. Skýrsla rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, nr. XXI. Lögð fyrir í lögreglurétti Reykjavíkur

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Skýrsla nr. 35 lögð fyrir lögreglurétt Reykjavíkur 25. nóvember 1949, nr. IV. bls. 40-41.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 32. lagt fram í lögreglurétti Reykjavíkur 25. 11. 1949.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 61. Vörn Alfons Guðmundssonar í máli réttvísinnar og valdstjórnarinnar, bls. 1.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 57. Vörn Guðmundar Jónssonar í málinu ákærvaldið gegn Guðmundi Jónssyni o.fl.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62:1950. Vörn fyrir Jóns Múla Árnasonar í málinu réttvísinnar og valdstjórnin gegn Jóni Múla Árnasyni, bls. 3.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Vörn Ólafs Jenssonar í málinu réttvísinnar og valdstjórnin gegn Ólafi Jenssyni o.fl. bls. 1.

DÍ. Hæstiréttur Íslands 1950. Málsskjöl. Mál nr. 62/1950. Skjal nr. 84. Vörn Stefáns Ögmundssonar í máli réttvísinnar og valdstjórnarinnar, bls. 2.

Námsritgerðir

Katherine Connor Martin, „Nationalism, Internationalism and Gender in the Icelandic Anti-base Movement, 1945–1956“. Meistararitgerð í sagnfræði í Háskóla Íslands 2003.

Trausti Ágúst Hermannsson, „Ákvörðun refsingar fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga“. Meistararitgerð við lagadeild Háskóla Íslands 2009.

Viðtöl

Viðtal við Árna Pál Árnason, fyrrum Alþingismann og ráðherra. 4. janúar 2017.

Viðtal við Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóra *Þjóðviljans*. 25. nóvember 2016.

Viðtal við Sigurð Flosason, fyrrverandi bifreiðarstjóra hjá Hreyfli og einn ábyrgðarmanna Dagfara, tímarits Samtaka hernaðarandstæðinga. 4. október 2016.

Viðtal við Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra *Morgunblaðsins*. 25. nóvember 2016.

II. Prentaðar heimildir

Bækur, bókakafar og greinar

„Af vettvangi baráttunnar. Umræða um abturðina 30. mars 1949“, *Réttur* 71. árg. 3. hefti (1988), bls. 113–137.

Alþingistíðindi 1939 A, d. 374 (Reykjavík: Alþingi 1940).

Alþingistíðindi 1939 B, d. 779 og 784 (Reykjavík: Alþingi 1940).

Alþingistíðindi 1949 D, d. 215–236 og d. 681–694 (Reykjavík: Alþingi 1950).

Appel, Hilary, „Anti-Communist Justice and Founding of Post-Communist Order: Lustration and Restitution in Central Europe“, *East European Politics and Societies* 19. árg. (2005), bls. 379–405.

Ármann Snævarr, *Þættir úr refsirétti* I (Reykjavík: S.N. 1983).

Árni Snævarr og Valur Ingimundarson, *Liðsmenn Moskvu. Samskipti íslenskra sósíalista við kommúnistaríkin* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1992).

Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949* (Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur Hf. 1976).

Bartels, Brandon L. og Christopher D. Johnston, „Political Justice? Perceptions of Politicization and Public Preferences Toward the Supreme Court Appointment Process”, *Public Opinion Quarterly* 76. árg. (2012), bls. 105–116.

Benedikt Gröndal, *Örlög Íslands* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 1991).

Bjarni Benediktsson, *Utanríkismál Íslands* (Reykjavík: Sjálfstæðisflokkurinn 1949).

Bjarni Benediktsson, *Varnarmáli Íslands* (Reykjavík: Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna 1956).

Björg Thorarensen, „Stjórnskipunarréttur”, *Um lög og rétt*. Ritstjóri Róbert R. Spanó (Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX 2009), bls. 21–97.

Brynjólfur Bjarnason, „Innlend víðsjá”, *Réttur* 33. árg. 1.-2. hefti (1949), bls. 39–48.

Dómabók Hæstaréttar 1952 (Reykjavík: Hæstiréttur 1953).

Eggert Þorbjarnarson, „Undirskriftasöfnunin út af 30. marz dómunum”, *Réttur* 36. árg. 3. hefti (1952), bls. 138–145.

Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála”, *Tímarit lögfræðinga* 1. árg. 2. tbl. (1951), bls. 77–172.

Einar Olgeirsson, „Ákæra á „réttvísina” út af 30. marz 1949”, *Réttur* 34. árg. 4. hefti (október 1950), bls. 241–258.

Einar Olgeirsson (Jón Guðnason skráði), *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar* (Reykjavík: Mál og menning 1980).

Einar Olgeirsson, „Þjóðsvikin 30. marz”, *Réttur* 33. árg. 3. hefti (1949), bls. 68–82.

Eiríkur Tómasson, „Réttarfar”, *Um lög og rétt*. Ritstjóri Róbert R. Spanó (Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX 2009), bls. 149–217.

Emil Jónsson, *Á milli Washington og Moskva. Minningaþættir* (Hafnarfjörður: Skuggsjá 1973).

Eysteinn Jónsson, *Í sókn og vörn. Ræður og ritgerðir* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1977).

Guðmundur Jónsson og Þorsteinn Jónsson, *Lögreglan á Íslandi. Stéttartal og saga* (Reykjavík: Byggðir og bú 1997).

Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins* (Reykjavík: Mál og menning 2006).

Gylfi Þ. Gíslason, *Íslensk utanríkismál* (Reykjavík: S.N.1953).

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 2011).

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík: Sögufélag 2002).

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 1999).

Jón Ólafsson, *Kæru félagar. Íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920–1960* (Reykjavík: Mál og menning 1999).

Jón Óskar, *Týndir snillingar* (Reykjavík: Fjölvi 1979).

Kirchheimer, Otto, *Political Justice. The use of legal procedure for political ends* (Princeton: Princeton University Press 1969).

Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen”, *Andvari* (2007), bls. 11–68.

Leifur Sveinsson, „Valur Ingimundarson og 30. mars 1949”, *Morgunblaðið* 28. maí 1997.

Lögfræðiorðabók með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson (Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX 2008).

Lög um meðferð sakamála. Umsjón Jóhannes Eiríksson hdl. (Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX 2009).

Matthías Johannessen, *Ólafur Thors. Ævi og störf*. I–II (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1981).

Ólafur W. Stefánsson, „Um forsetavald”, *Morgunblaðið* 24. apríl 2004.

Róbert R. Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX 2007).

Sigurður Líndal, *Um lög og lögfræði* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2010).

Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar Stefáns Jóhanns Stefánssonar* 2. bindi (Reykjavík: Setberg 1967).

Stjórnartíðindi 1957 A. d. 114 (Reykjavík: Alþingi 1958).

Teitel, Ruti G., *Transitional Justice* (New York: Oxford University Press 2000).

Teitel, Ruti G., „Transitional Justice Genealogy (Symposium: Human Rights in Transition), *Harvard Human Rights Journal* 16 árg. (2003), bls. 69–94.

Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins. Samskipti Íslands, Bandaríkjanna og NATO 1960–1974* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 1996).

Djóðin og Kylfan: um atburðina 30. marz, og forleik þeirra og eftirleik (Reykjavík: Sósíalístaflokkurinn 1949).

Pór Whitehead, „Leiðin frá hlutleysi”, *Saga* 29. árg. (1991), bls. 63–121.

Pór Whitehead, *Sovét– Ísland óskalandið. Aðdragandi byltingar sem aldrei varð* (Reykjavík: Bókafélagið Uglya 2010).

Dagblöð og tímarit

Alþýðublaðið, 1949, 1950, 1952

Baldur 5. tbl. (maí 1953).

Dagfari 25. árg. 2. tbl. (mars 1999).

Morgunblaðið, 1949, 1950, 1952, 1954, 1957, 1997.

Tíminn, 1950, 1952, 1957

Vísir, 1949, 1950, 1954,

Djóðviljinn, 1949, 1950, 1952, 1954, 1957

Djóðvörn, 1950.

Vefheimildir

Vef. Almenn hegningarlög 1940 nr. 19 12. febrúar, *Lagasafn Alþingis*, <http://www.althingi.is/lagas/119/1940019.html>, sótt 19. nóvember 2016.

Vef. Alþingismannatal. Bjarni Benediktsson – þingsetutímabil og embætti.
<http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=64>, sótt 8. nóvember 2016.

Vef. „Ásgeir Pétursson fyrrv. sýslumaður: Fyrirskipaði útrás varnarliðs þinghússins í átökunum 30. mars 1949”, *Skessuhorn* 27. desember 2013,
<http://skessuhorn.rat.nepal.is/frettir/nr/183156/>, sótt 19. nóvember 2016.

Vef. Björn Bjarnason (2008), „Símhleranir á árunum 1949 til 1968”, 28. maí 2008, *Alþingistíðindi*, <http://www.althingi.is/altext/135/05/r28181037.sgml>, sótt 14. nóvember 2016.

Vef. Emine Shinmaz, „‘Reykjavik nine’ go on trial in Iceland over 2008 storming of parliament”, *The Guardian*, 17. janúar 2011,
<http://www.theguardian.com/world/2011/jan/17/iceland-reykjavik-nine-trial-starts?INTCMP=SRCH>, sótt 14. október 2016.

Vef. „Forsetinn hefur náðað 45”, *Vísir*, 21. apríl 2012, <http://www.visir.is/forsetinn-hefur-nadad-45/article/2012704219915>, sótt 19. janúar 2017.

Vef. *Héraðsdómur Reykjavíkur* 16. febrúar 2011 (S–149/2010). *Vefur dómstólaráðs*, <https://www.domstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=f05d9059-77c4-4ef4-a940-28aa469c763e>, sótt 19. janúar 2017.

Vef. „Jón Múli Árnason”, *Morgunblaðið*, 20. apríl 2002.
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/663322/>, sótt 13. nóvember 2016.

Vef. Kastljósið 20. maí 2010, <https://www.youtube.com/watch?v=cvL53nMMoxY>, sótt 19. janúar 2017.

Vef. Óeirðirnar á Austurvelli 30. marz 1949, 194. mál, þingsályktunartillaga 26.04.1949, <http://www.althingi.is/altext/68/s/pdf/0571.pdf>, sótt 4. janúar 2017.

Vef. Sigurður Línal, „Hlaðvarp: Andófið gegn Atlantshafsbandalaginu 30. marz”, *Sagnfræðingafélag Íslands*. <http://www.sagnfraedingafelag.net/2009/03/31/15.34.07/>, sótt 13. janúar 2017.

Vef. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands 1944 nr. 33 17. júní, *Lagasafn Alþingis*, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>, sótt 19. nóvember 2016